

Veturliði Guðnason  
25. nóvember 2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk  
Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir  
DVCAM, 135-138  
© Krumma films ehf.

DVCAM 135

Og ég heiti Veturlíði og er Guðnason og það sem ég vinn aðallega við er náttúrulega þýði fyrir sjónvarp svo ef þú vilt hafa það þá er það sko. Ég meina ég er löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur, það er ekkert svoleiðis, en það er nú minna sem ég geri af því, sjónvarpsþýðandi er ágætt.

Ég er fæddur á Ísafirði og man fyrst eftir mér á Galtarvita sem er alveg á horninu þarna north, alveg border to Greenland, eins og þeir segja. Sem sagt alveg þú kemst ekkert lengra í burtu í norðvestur. Og sem sagt, þar var faðir minn vitavörður og þar man ég fyrst eftir mér þegar ég var á aldrinum þriggja til sex ára og það er sem sagt pínulítill einn bær og engir vegir og ekki nokkur skapaður hlutur, bara fyrir opnu hafi. Og þaðan fórum við til Súgandafjarðar til Suðureyrar sem mér finnst alveg vera stórkostlegt pláss, og þaðan til Ísafjarðar sem var náttúrulega ennþá stærra og bara stórborg, greinilega og þá er ég bara sex eða sjö ára og svo sem sagt seinna meir þegar ég fór frá Ísafirði til Reykjavíkur þá sé ég að þetta er nú allt að stækka og þetta sat svona svolítið í mér, þetta einmitt að koma svo frá Reykjavík til Kölnar þegar ég fór að læra þar. Og alltaf þetta stærri borg og stærri borg og maður hugsaði hvar endar þetta? En svo þegar maður var búinn að vera í New York og Bangkok þá sá maður að það var ekkert meira. Eiginlega búíð. En ég er frá Ísafirði já, og gekk þar í skóla náttúrulega og þegar ég var að vaxa upp þá var fyrsti bekkurinn í Menntaskólanum á Ísafirði sem sagt hann var í fyrsta skipti starfræktur og kominn á legg. Svo ég var sem sagt í fyrsta bekk í menntaskóla í þriðja bekk eins og það heitir fyrir vestan á Ísafirði og fór svo norður á Akureyri og var þar í þrjá vetur og tók stúdentspróf '66. Strax þá, gifti ég mig haustið '66 og fór til Kölnar og var þar, ja kom heim, meira eftir '72, '73 var náttúrulega búinn að vera heima eitthvað í fríum. Eða öllu heldur í hverju einasta frí kom maður heim til að vinna og svoleiðis. Og sem sagt '74 að þá skildi ég við konuna mína og frá þeim tíma má segja að maður þekki þetta gay-líf hérna í Reykjavík. Þess vegna var ég þessi þrjátíu ár þarna í þessari sögustund hans afa.

Nei, það er hreinlega ekki til. Sú tilhugsun um að það gætu aðrir haft svona tilfinningar líka, hún var bara ekki til. Þetta hlaut bara að vera eitthvað algerlega einstakt. Þetta var bara alveg eitthvað, eitthvað svona bull. Eitthvað ruglerí. Og ég held að það hafi alveg verið fram á tvítugsaldur sem manni fannst þetta vera svolítið eins og hvert annað bull. Og það var eiginlega ekki fyrr en ég kom til Kölnar að ég fór að átta mig á því að það væri nú kannski eitthvað meira

þarna að ske. Og í Köln man ég þegar ég hitti einhvern pilt sem var nú svo greinilega blattan eitthvað, flögrandi einhvern veginn að það gat ekki verið annað en þetta væri eitthvað svona þannig og ég lenti eitthvað á spjalli við hann og hann sagði: Já, þú ættir þá að kíkja á Carousel, sem er svona staður og ég segi: Ha, hvað meinarðu? Já, veitingastaður þar sem að menn koma, og þá alveg bara sem sagt, sú tilhugsun um að það væru til gay staðir, það var alveg opinberun. Og í fyrsta skiptið er ég fór nú í bæinn og kíkti á þetta aðeins og gleymi því náttúrulega aldrei að koma þarna í fyrsta skipti inn, var ég inná eiginlega svona hótélbar fyrir lítið hótél og bar niðri við afgreiðsluna og þar voru sem sé ungir strákar í fallegum fötum og einn stendur fyrir framan spegilinn og er að greiða sér, þetta er sem sé '67 sennilega, eitthvað svoleiðis og hippatískan komin á fullt. Og þetta var bara skilurðu, alger opinberun, ég meina að þetta skyldi yfirhöfuð vera til. Svo hélt þetta svona áfram, maður fer að kynnast þessu, að það væri eitthvað þarna að ske, en fyrir þann tíma þá var þetta bara hreinlega ekki til. Þetta var fremur en annað, það er það sem mér finnst vera svolítið, mér finnst stundum þegar verið er að tala um þessa hluti frá því áður fyrr, að þá er eins og fólk haldi, kemur út þannig að eins og þetta hafi bara verið allt bara verið allt afskaplega huggulegt og notalegt nema það að það hafi verið fullt af vondu straight fólki sem hafi haldið gay-liðinu niðri. En það er ekkert þannig, það var öllum haldið niðri, það mátti ekki neitt, þetta var allt í svart hvítu beinlínis, það gat enginn venjulegur karlmaður gat ekkert verið öðruvísi klæddur en í, helst svört jakkaföt, þau máttu vera grá, brún, dökkblá en þá var farið að verða svolítið skrytið og hvítu skyrtu og bindi. Ég byrjaði að ganga í þessu, það þótti bara sjálfsagður hlutur, bara í öðrum bekk í gagnfræðaskóla, árið eftir fermingu þá var maður komin í jakkaföt og allavega jakka og buxur og ljósa skyrtu helst og bindi og maður fór ekkert í gagnfræðaskóla öðruvísi en að vera í skyrtu og með bindi og það bara sagði sig sjálft. Hvað þá þegar maður var kominn í menntaskóla, þá var þetta sjálfsagður hlutur, frakka og skjalatösku og allt saman. Ég man þegar ég labbaði niður Gilið á Akureyri, svona að vetri til, náttúrulega og þar var snjór og krakkar að leika í snjókast og ég labba þarna í mínum frakka og með mína skjalatösku, var átján ára, og þá segja krakkarnir: Nei nei nei nei, ekki henda í manninn. En svona var þetta, það var allt hryllilega fast í formunum og það var ekkert leyft, það mátti ekki neitt, þú máttir ekki einu sinni spila músík, hvað þá meir. Það var við viðhafnir sem menn nenna að, allir sem lifðu þennan tíma auðvitað og auðvelt sönnunar svo sem að þetta er svolítið, tíðarandinn var svona. Að sem sagt, mér finnst dálítið líkt þessu að það skyldu vera dægurtónlist og það var á þriðjudagskvöldum, hvað fjörutíu mínútur, *Lög unga fólksins*, segir nú líka sitt, lög unga fólksins. Þetta er alveg hreint skelfilegt! Og svo man ég eftir því að á tímabili þá voru tuttugu mínútur á laugardagseftirmiðdögum með nýrri músík

með svona hérna, ný tónlist og maður sat um þetta um þessar tuttugu mínútur fyrir utan það þá mátti þetta ekki neitt það var bara klassísk mússík. Og þetta er ekki af illsku gert, þetta er til þess að ala fólkið upp, það hefur bara gott af þessu.

Í sjónvarpinu? Sko, hérna í gamla daga var ekki til neitt sjónvarp. Það var það sem mér fannst vera þarna í þessari sögustund minni þarna, hvort maður væri að segja fólki bara tómar svona selvfølgeligheder. En svo var það reyndar ekki, fólk hafði svo sem hugsað um málið þá áttaði það sig á því auðvitað varíerar þetta sig svona, en það hafði ekki hugsað út í þetta, einhvern veginn. Og sko, mér tókst að komast í gegnum þessa sögustund mína einn rúman klukkutíma án þess, að ég held, nokkurn tímann segja orðið fordómar. Ég fatta það bara eftir á. Það er vegna þess að mér finnst þetta vera svo fáránlega einfölduð söguskoðun og einfölduð mynd af veruleikanum, að setja þetta fyrir sig þannig að það sé einhver hópur af fólki sem þurfi að berjast gegn fordómum og svo vinna sigur á fordómunum, þetta er alltof einföld hugsun um lífið og tilveruna. Hlutirnir ganga ekki svona fyrir sig, það er ekki þannig, heldur eru allir á sama báti raunverulega og það eru hlutir, það að geta hagað sínu lífi eins og maður vill er partur af, það sem flokkast undir frelsi, yfirhöfuð og þetta er bara partur af því sem sagt og fordómar eru ekkert annað en það sem að, svona ruslahaugur sem skilgreining, því það er svo margt sem flokkast undir fordóma, sem sagt allt sem þú veist ekki, maður lifir á fordómum ef maður ætlaði að vita um alla hluti sem maður talaði um, þá segði maður ekki nokkurn skapaðan hlut, því að maður svona raunverulega myndar sér skoðanir á hlutunum raunverulega á mjög, mjög einföldum forsendum, maður hefur eiginlega voðalega lítið fyrir sér í þessu og það er afskaplega fátt sem maður gjörhugsar raunverulega í gegn til að komast að í hvernig þetta er, hvað þá hluti sem koma manni lítið við eða snerta mann lítið, svo það er bara mjög eðlilegt að fólk hafi fordóma, það er bara segir sig sjálf. En hitt aftur á móti, að hvernig svona hitastigið er í Þjóðfélaginu, í samfélaginu inni á milli meðal fólks, hvað þykir eðlilegt og ekki eðlilegt, hve strangt þetta er, hve mikið er, fólki er haldið til, svona í beinni línu. Það segir miklu meira um þessa hluti. Það svona, þetta kemur allt með, þetta fer ekkert að losna um þetta dót fyrr en svona, uppúr 1980, það er að segja, þetta er svona, þetta er tvenns konar system, annars vegar það hvort að fólk getur gert það sem það vill, sem sagt, verið gay, átt sína vini, búið saman, þess vegna, sofið hjá sínu eigin kyni, og allt þetta án þess að segja nokkuð frá því, án þess að láta nokkuð á því bera, það hefur alltaf verið leyfilegt. Það hefur aldrei verið nein vandræði með það og sérstaklega hérna á Íslandi höfum við verið, sko miklu betur sett heldur en nokkur staðar annars staðar. Það er til lítil saga frá 1955, þá er Þjóðverji sem kemur til Íslands, og ég

Þýddi þetta nú einhvern tímann og þetta birtist nú í Samtakablaðinu. Sem hét eitthvað „Ísland, suðurhafseyjan á Norðurslóðum“ og þá var þetta Þjóðverji, skrifað '55, komið hérna '55 og greinilega lent í sambandi með mönnum sem höfðu það svona, huggulegt og svolítið svona úti að skemmta sér og allt þetta. Og miðað við það að vera að koma frá Þýskalandi, þetta er ekki nema tíu árum eftir stríðslok og vera að koma úr þeim skelfingum öllum saman og hingað til Íslands að þá var þetta fyrir hann eins og að koma í paradís. Sem sagt, það skipti sér enginn neitt af neinu. Fólk vissi það að einhver ákveðin hús voru bara partý þar sem voru bara karlmenn og fólk var kannski ekki hrifið af því en það var ekkert verið að setja neitt, fetta fingur út í það. Það var bara þeirra mál. Og það er þessi, þetta sem er sko eiginlega ekki líberalismi og ekki umburðarlyndi heldur svona afskiptaleysi eins konar, þetta er eins og sagt er um Hollendinga, að þeir séu ekki umburðarlyndir heldur Kalvínistar, þetta fólk fer þá bara til helvítis og ég fer til himna og það er allt í lagi. Mér kemur það ekki meira við. Hitt er svo allt annar handleggur þegar fólk sem að hefur þessa afstöðu, að það vill gera þetta normalt og gera þetta part af samfélaginu og vill fara að geta, þurfa ekki að fela þetta, geta talað um þetta, vill fá að vera nokkurn veginn partur af þessu samfélagi eins og það er. Þá byrja vandamál, þá, í þjóðfélagi sem ekki getur, ræður ekki við það. Til þess að það geti gerst þarf að vera svona sæmilega frjálst loftslag og það loftslag, það frelsi, það var bara ekkert fyrir hendi fyrr en ja, upp úr 1980, það ríkti í þessu þjóðfélagi alveg haftastefna, alveg frá sko, sem byrjar náttúrulega í fyrra stríði, helst svo áfram milli stríðsáranna, út af kreppunni og þessu dóti. Í seinna stríði og heldur áfram eftir seinna stríð. Þá má náttúrulega bara kalla þetta eitt stríð alveg frá 1918 og alveg fram á 1950 að þá heldur þessi haftastefna áfram og þessi tilfinning fyrir því að ríkið eigi að sjá fyrir öllu og allt er svona skelfilegt og ekkert má gera og tilfinningin er sú að ef að fólk hreyfir sig aðeins til vinstri eða hreyfir sig aðeins til hægri að þá fari bara allt til andskotans. Og þessi ótti og ógn halda fólki í röð og reglu, af því að annars verður þetta allt svo ómögulegt. Þetta var bara ennþá hér á fullri ferð alveg fram yfir 1970, ég man, af því ég tek stúdentspróf 1966, og þá var þessi hugsun ennþá alveg í fullum gangi að ef fólki væri bara kennt hvernig það ætti að haga sér, beinlínis, ef fólk notaði fræðin, bara upplýsa fólk, þetta er bara upplýsingin, að þá myndu öll vandamál leysast á sjálfu sér. Að öll vandamál væru meira og minna tilkomin vegna heimsku fólks, og þegar að Samtökin byrja sitt, allavega þeir byrja að reyna að upplýsa fólk aðeins um kynvillu, eins og þetta hét í þá daga, að þá byggðist það raunverulega á sömu forsendunum, að það þyrfti bara að segja fólki raunverulega hvernig þetta væri og þá myndi það skilja það og þá myndi þetta ganga allt saman upp. Og þessi hugsun, jafn falleg og hún er, að hún felur í sér ákveðna kúgun, sem sagt og náttúrulega lífs, hvað kallar

maður þetta? Fólk áttar sig ekki á hvernig lífið gengur fyrir sig, sem sagt, þetta er ekki lífslygi, heldur hvað segja þeir, þetta er svona að átta sig ekki á þessu, heimurinn er ekki svoleiðis. Lífsblekking. Og þetta sem sagt, þessi upplýsingarafstaða til hlutanna, hún gekk í gegnum allt saman, skólakerfið, gegnum hið opinbera, og allt saman. Og þess vegna þá þurfti fólk ekkert frelsi. Því þeir sem að vita hlutina, hið opinbera, sem sagt, liðið sem hefur menntun, það veit þetta. Það þarf bara að segja hinum frá því hvernig þetta er og þá líður öllum vel. Hitt að fólk sem hafi ekki, sem veit ekki neitt, að það eigi hreinlega að fá að hafa frelsi til þess að prófa sig áfram og athuga: Líður mér vel svona, líður mér vel þannig? Það var bara ekki með í reikningnum, því miður og þetta fer að koma upp með, þetta er náttúrulega búið að vera svona lengi, fólk hefur ekki alltaf verið á sömu skoðun og þetta hefur svo sem verið rakið gegnum, frá Ameríku með bí, og allt þetta dót sem sagt. Svona aðeins um anti-autoritét hugsun. Sem setur sig uppá móti öllu þessu veldi öllu saman, þetta hefur náttúrulega komið upp, hvað eftir annað í aldanna rás, alltaf verið til svona fólk en þetta fer að verða áberandi sem í fyrsta lagi, sem viðbrögð gegn Víetnamstríðinu, það er raunverulega, þar fær þetta svona momentum, sem hleður utan á sig eins og snjóbolti og nær yfir til, sem sagt, yfir til Evrópu líka, þetta var svolítið alþjóðlegt dæmi, þetta fólk, það var orðin það mikil tenging á milli heimshlutanna að fólk gat skilið hugmyndir hvers annars. Og ég var náttúrulega í Þýskalandi, einmitt þegar þetta gekk á, sem sagt þegar við fórum út haustið '66 og '67, '68 fór maður að átta sig á því að fólk var ekki bara þrútt og stillt og hlustaði á sína prófessora heldur að það var með sínar eigin hugmyndir um hlutina og maður reyndi náttúrulega örlítið að fylgjast með og þá, reyndar fannst manni þetta ganga svolítið einum of langt, því ég man eftir því svona '68, 9 að þá kom maður kannski í fyrirlestur og þá kom sérstaklega ungur prófessor eða aðstoðarprófessor og þeir komu og sögðu: Já, við getum ekkert sagt ykkur um þetta, en við getum kannski rætt af hverju erum við hér. Það eru náttúrulega öfgarnar á hinn veginn. Það er náttúrulega hægt að kenna fólki ákveðið í því samhengi þegar það er þar til þess að læra, en allavega, ég var þarna þessi ár öllsömum og þá einhvern veginn, maður áttaði sig á því að það var eitthvað að ske, þetta voru virkilegar breytingar, það var verið að efast um hluti sem voru teknir sem sjálfsagðir hérna heima. Og þegar ég kom svo heim eftir þetta, þá var það sem truflaði mann mest, það var raunverulega ekki hvernig ástandið var heldur að enginn skyldi gagnrýna það. Það var það óhugnalega, sem sagt, það er ekki vandamálið við hvar maður býr, heldur hvort það er einhver möguleiki á því að það breytist. Og hvort fólki finnst þetta allt í lagi eða vill gera eitthvað í því. Og það var held ég það alversta við þetta, að manni fannst einhvern veginn að maður væri hér úti raunverulega úti á klaka, það var þá sem hlutirnir bara hreyfðust ekki neitt.

Það er ekki alltaf spursmálið um hvernig manni líður sjálfum, hvernig þetta er, það er ekki alltaf þannig að fólk sé alltaf ánægt þó það hafi sem sagt, fullnægt öllum sínum þörfum. Þessi gamla formúla með sem sagt eftirtörn og þarfir og fullnægingu þarfanna, að hún gengur ekki alltaf upp. Fólki getur liðið alveg ágætlega persónulega en umhverfið þarf líka að vera í lagi, þú þarft að geta aðeins, ég held að það sé einhvernvegin mannlegt dæmi, að þó manni sjálfum líði vel en sér allt liðið í kringum sig er ekkert í lagi, þá held ég að það hljóti að kvikna í fólki eðlilegur fílingur fyrir því að þurfa að gera eitthvað, að það þurfi að laga eitthvað. Fólk er ekki sammála þessu.

’74, já, sumar ’74 þá kynnist ég strák sem ég bjó svo með í tíu ár, honum Reyni Má og við fluttum inn á Laugaveg 28 þar upp á efstu hæðina, í svona stóra og fína íbúð með svölum út á Laugavegin og hvað eina. Og það voru engin vandræði með það, fjölskylda hans, þeim fannst þetta svolítið skrýtið í byrjun, en það voru engin vandræði með það. Ég vann upp í Sjónvarpi og ég var aldrei var við hina minnstu, ekki ýjað að því að það væri neitt athugavert við þetta, það vissu allir hvernig þessi hlutur var og allt svoleiðis lagað, og þetta er sko ’74. Fyrir mig persónulega var þetta ekkert erfitt, ég var ekkert var við það að það væri verið að æpa á mann eða vera neitt að setja útá þetta eða senda manni einhver skrýtin augnarád eða neitt. Aldrei nokkurn tímann. Hins vegar varð maður var við það að það voru kunningjar manns, að þeir voru að lenda í alls konar vitleysu, því það var greinilega ekki sama hver maðurinn var. Sem sagt, því að alls konar smádót og dæmi og svona. Og sérstaklega að þeir voru svo óánægðir með þetta, þeim leið svo illa með þetta. Þeim fannst þetta eitthvað svo skelfilegt, ég veit ekkert út af hverju það var eða þannig. Jú. Sennilega útaf sömu ástæðu, að maður fann það, að þetta var ekki eðlilegt ástand einhvern veginn. Eins og til dæmis það að maður, þá voru engir staðir sem maður gat farið á og þá kom alltaf upp samanburðurinn við útlönd, að þar, á einhvern hátt, bekendti þjóðfélagið þetta en ekki hérna heima og þar var munurinn, ekki það að það væri verið að ofsækja fólk og svoleiðis, það bara var ekki þannig.

Það kom náttúrulega útaf þessu, að manni fannst þetta svolítið skrýtið, það sem ég sagði þeim frá í sögustundinni sem sagt að það var náttúrulega, voru ekki margir skemmtistaðir, það voru engir litlir skemmtistaðir, þetta hangerar allt svona saman í einu, öll smáatriðin skipta svo miklu máli. Sko, í fyrsta lagi þetta, þegar ég tala um þetta þá er eins og ég sjái gay-liðið bara allt á, eða alltaf að skemmta sér. Eins og einhverju eilífu fyllerí. En tilfellið er náttúrulega að ef

maður ætlar að vita hvað er þetta gay-fólk, sem sagt, og hvað það er þá sést það náttúrulega ekki nema í sínum frítíma og það er þá náttúrulega helst á kvöldin og um helgar, þetta er náttúrulega vinnandi fólk eins og hvað annað. Og í staðinn fyrir að hugsa um einhverjar ótilteknar stærðir, einhver tíu prósent af þjóðfélaginu, eins og hagstofufílingur, svo og svo margir og einhverjar kenningar um hvernig fólk er og eitthvað ótiltekið fólk úti bæ, að þá hugsa ég um það fólk sem ég raunverulega sá eða sé. Það fólk sem ég þekki. Og það er fólk sem ég þekki það hitti ég, sé ég ekki hérna nema þegar það lætur sjá sig einhvers staðar. Og það lætur náttúrulega ekki sjá sig neins staðar nema þá þegar það á frí og það er þá á kvöldin eða um helgar. Sem þýddi það að maður hitti þetta fólk eiginlega eingöngu, nánast, á, þegar það var að „skemmta sér“, eins og það heitir í gæsalöppum. Og þetta gekk svo sem ágætlega, það var töluverður hópur af fólki sem kom alltaf niður á Hótel Borg og þar, the real bar þarna, ég held að hann hafi verið í Spartakus frá upphafi, svei mér þá, ég held það. Og þetta, eins og ég var að reyna að útskýra fyrir þeim krökkunum, þetta blandaðist allt saman, það voru nokkrir skemmtistaðir í bænum en það var enginn bjór og þess vegna engar litlar krár. Heldur allt svona stórir staðir á hótelnunum og einhverjir tveir staðir sem að, eins og Klúbburinn við Lækjarteig sem að, jújú, það voru þarna eldhús og allt saman, en þar var aldrei framleiddur matur, en það var skilyrði til að hafa vínveitingaleyfi. Svona risastórir staðir. Og maður hitti þessa stráka og það voru bara strákar, það voru engar lesbíur, þær bara sáust ekki í neinu opinberu samhengi, þær sáust aldrei. Sjálfsagt hafa þær verið til, ég geri ráð fyrir því. En ég sá þær ekki. Og þetta var sem sagt '74 hérna, búum við þarna, ég 27, 28 og Reynir Már átján ára. Það er tíu ára munur á okkur. Við förum náttúrulega út að skemmta okkur og svona og við búum þarna í miðbænum með stóra og fína íbúð og það segir sig sjálf að þegar ball var búið í Borginni á föstudegi eða laugardegi, föstudögum klukkan eitt, laugardögum klukkan tvö, sem sagt að þá er bara strolað upp á Laugarveg, upp á hæð til okkar í party og þar var afskaplega skemmtilegt og allt í lagi með það. En þegar þetta fór að ganga svona mánuð eftir mánuð eða þannig og jafnvel svo að segja ár eftir ár, að þá fór manni að finnast þetta dálítið undarlegt að hitta þetta fólk aldrei nema meira og minna undir áhrifum áfengis eða þannig, eða alltaf í þessum. Ekki það að það væri fullt, heldur alltaf í þessum kontext, alltaf í þessu sambandi, alltaf úti að skemmta sér og einhvern veginn, það var aldrei neitt, hittist aldrei á öðrum tímum dags eða neitt. Þetta var aldrei neitt nein samtöl um hlutina eða neitt svoleiðis lagað. Og ég hafði svo sem kynnst þessu í Þýskalandi líka sko, að í Köln þá var komið það sem hét gay liberation front og ég fór þarna á tvo, þrjá fundi og það var einhverstaðar í lúthersku safnaðarheimili einhversstaðar, í svona stóru dæmi, sem er allt í lagi, svona stúdentadæmi. Og auðvitað var þetta í svona umræðunni



eins og þetta heitir núorðið. Allt þetta gay liberation og ég man ég fór einu sinni til Bochum einhvern tímann á eitthvað svona hátíð eða svona partydæmi sem að, sem sagt þá gay liberation samtökin í nokkrum borgum hafði efnt til saman, þetta var þó orðið það þroskað áður en ég kom heim. Svo maður sá það að þetta var svolítið aftarlega á merinni hérna heima og það var náttúrulega það sem að raunverulega vakti undir niðri, hvort að væri ekki möguleiki að koma þessu einhvern veginn á koppinn hér. Fyrsta hugsunin var þá að fá fólk til að koma og hittast, ófullt, einu sinni að degi til og við fórum svona að, og jú jú, fólk, það voru margir sem tóku vel í þetta og sögðu já, þetta væri nú eiginlega alveg nauðsynlegt, en svo fóru að koma sko, svona hin og þessi komment og það er nú svo skrytið, að það er alltaf hlustað meira á úrtölufólkið en þá sem vilja gera eitthvað. Það er alltaf bremsararnir, þeir höfðu alltaf miklu meiri áhrif heldur en þeir sem vilja gera eitthvað, það er einhvern veginn þannig. Það er svona tregðulögmál svolítið í gangi. Og það komu svona komment eins og: Ég þarf nú ekki að fara í neinn félagskap til að ná mér í mann. Og man ég eftir að: Kemur Gulli? Og ég segi: Ég ætla að vona það, ég ætla að tala við hann. Og: Ég kem ekki ef hann kemur. Svona asnagangur sem sagt. Og við létum þetta ekkert stoppa okkur og það kom fólk þarna og ég held að við höfum ekki hist allavega svona tvisvar, þrisvar sinnum sem sagt heima hjá okkur á Laugaveginum uppi á Laugavegi 28 og þá komu svona í kringum fimmtán manns og settust niður og talaði saman og það var svona, jú, alveg einhugur um það að það þyrfti að gera eitthvað í þessu, sem sagt, það þyrfti að koma einhverri pínulítili, það er ekki hægt að fara svona með sig, þó manni líði persónulega, þarna kemur þetta aftur, að þó manni líði persónulega ekkert illa, þá væri þetta svona allt að því skammarlegt að vera ekki nokkurn veginn á eðlilegum nótum gagnvart samfélaginu sem sagt. Fólki ætti ekki að líðast að láta svona sem sagt. Og þá, varð til þetta Iceland Hospitality og ég útskýrði þetta fyrir krökkunum þarna niðurfrá.

Jæja, að þá er spurningin, að þetta var gert algerlega eftir það sem núna heitir flatur strúktúr. Sem sagt, eftir þessu systemi að það er ekkert verið að setja ofan á hausana á fólki eitthvað félag og segja nú gerum við þetta svona og svona og svona, heldur bara hér erum við og hvað viljum við gera og hvað finnst fólki, allir hafa sinn fulla rétt til að segja sitt og svo framvegis og svo framvegis. Og þá var náttúrulega rætt hvað þetta ætti að heita og hvað ætti að gera, ættum við að stofna félag, áttum við, hvað og hvað á að gera. Og Trixie, Guðmundur Sveinbjörnsson, vinur minn. Hann hafði sem sagt, annað hvort kom þessi maður hingað eða hann hafði haft samband við hann eða skrifað honum eða eitthvað svoleiðiðs, en það er maður sem heitir Bob Road og gaf út í Ameríku eitthvað svona gay-guide sem hét the Gay Yellow

Pages. Og Trixie hafði samband við þennan Bob Road og sagði honum hvað væri að ske hérna og hvað við gætum gert og þessi Bob Road, hann benti honum á það að það væru fleiri lönd sem að væru svona undertrykkelse eins og er sagt, Ísrael til dæmis mætti þetta alls ekki og þar höfðu þeir búið sér til félagsskap sem hét Israel Hospitality, það er að segja fengið sér svona pósthólf og auglýstu í gay pressunni að það væri hægt að komast í samband við fólk. Svona gestrisni, sýna fólk svona gestrisni, hjálpa því þegar það kemur. Að komast eitthvað í kontakt við fólk og eitthvað svona lagað og við gripum þetta alveg hrátt og bjuggum til Iceland Hospitality sem sagt. Fengum okkur pósthólf uppi þarna við sund einhvers staðar því Trixie bjó uppi í Efstasundi þarna upp frá. Og bjuggum til svona fréttatilkynningu eða svona bréf bæði á íslensku og ensku og sendum íslensku blöðunum þetta þar sem að sagði ósköp pent að þetta væri sem sagt til upplýsingar um þessa hluti og svo framvegis og það var gjörsamlega þögn um þetta blöðin, enginn íslenskur fjölmiðill brást á neinn hátt við þessu, það var ekki til. Og svo annað örlítið lengra, og miklu auðveldara að skrifa um þetta á ensku en íslensku, við tókum eftir því. Og að þetta væri til hér og við ættum þetta pósthólf, það væri nú engin sérstök gay scene hérna en það sem væri til það væri sem sagt að á helgum á svona stöðum sem væru partly gay og mundi, tók eftir því, var nú alveg búinn að gleyma því að það er minnst á Cesar, sem sagt sem væri partly gay on weekends. Og ég var nú að lesa þetta fyrir krakkana þarna og ég áttaði mig á því eftir á að auðvitað átta þau sig alls ekki á því hvar Cesar var en sem sagt Cesar var þar sem seinna hét Hollywood og var uppi í þarna Ármúla byrjunin eða einhvers staðar. Ægilega skrítið diskó og þar var einmitt sko bumpað. Ég man eftir því [hlær]. Og sendum þessa ensku útgáfu, sendum við sem sagt öllum mögulegum gay blöðum úti um allan heim og Reynir Már vann einmitt hjá Skeljungu held ég örugglega, Shell, svona stóru fyrirtæki í einhverri tölvudeild. Það voru komnar svona stórar tölvur með risastóru segulbandsdóti og hann var í því að vakta það og setja nýjar spólur og svona og þetta allt saman, svona gata, setti eitthvað svona stór kort sem að voru, þetta var fyrirrennarar tölvudótsins raunverulega, rétt nýkomið, og félagaskráin hún var sem sagt tölvukeyrð, okkur þótti þetta ægilega fínt [hlær]. Þetta er sem sagt '76. Og þessar skriftir okkar til útlanda þær báru árangur, það er að segja, menn sem að komu til Íslands þeir skrifuðu í pósthólfið og við tókum á móti þeim og kynntum þá fyrir fólk og svo framvegis og að minnsta kosti einn maður frá Ástralíu, Philip hét hann, ég man ekki hvað hann hét að eftirnafni, að það var strákur sem að var frá Ástralíu að hann kom hingað, bjó hjá Trixie minnir mig meira að segja, allavega voru þeir mikið að flakka með hann og tala við fólk og hann skrifaði heila grein um Ísland í eitthvað ástralskt blað. Og ég man að Trixie fékk þetta blað og okkur fannst þetta mjög skemmtilegt. Og ég man til dæmis eftir

einhverjum svona, flugþjóni frá Singapore Airlines sem kom, Breti, nei Svúi raunverulega sem að hafði, sem að bjó í London, hafði verið þar hjá sem sagt British Airways og var kominn yfir til Singapore Airlines, og hann kom og ég held að hann hafi búið hjá okkur Reyni sko, og þetta sama systemið og núna kannski í klúbbnum. Að fólk sem kemur hingað, þetta er ekki fólk sem er að leita sér að kynlífi heldur bara er að ferðast og skoða en það vill komast inn í sinn hóp. Það vill komast í tengsl við annað gay fólk og við höfðum mjög gott af því að kynnast svona fólki og ég held að það sé ennþá dæmi, mér er það ennþá minnisstætt um þennan flugþjón frá Singapore Airlines, að hann hélt að við værum að rífast þegar við töluðum saman af því að fólk sagði gjarnan eitthvað skilurðu, rarararara og svo kom ekkert svar og ekki neitt, sem sagt, og þetta er algjörlega óhugsandi í Englandi til dæmis en hann var náttúrulega alinn upp í þessu, hann var svo hissa og það að fólk gæti setið þegjandi. You're supposed to be chatting, sagði hann. En þannig að fólk hafði gott af þessu. Svo, við héldum svona fundi. Það var alveg klárt mál að fólk kom saman, við kölluðum þetta ekki fundi, fólk bara hittist á laugardagseftirmiðdögum klukkan fjögur og það gat komið hver sem vildi. Það var ekki legið á neinum upplýsingum um þetta, það lá allt saman opið fyrir, það var enginn sem að beinlínis réð einu eða neinu, sá sem nennti að gera eitthvað gerði eitthvað. Og þetta, ég man ekki eftir því að það hafi nokkur maður kvartað yfir einu eða neinu í kringum þetta, þetta gekk bara ljómandi vel. Þetta var ekkert mjög aktíft en þetta var þó til. Og hugsunin var sú að leyfa þessu svona smám saman að þróast og vaxa og að það yrði þá kannski eitthvað úr þessu með tímanum.

Við fórum til Kaupmannahafnar í ársbyrjun '78. Og það hefur nú verið þælt svolítið í þessu, hvers vegna var þessi ógurlegi flótti? Og það eru náttúrulega persónulegar ástæður hjá hverjum og einum raunverulega sem að ráða þessu. Hjá okkur var þetta dálítið mikið það að Reynir var náttúrulega tíu árum yngri en ég, hann hafði heyrt mig náttúrulega tala um gaylífið í Köln og svona og hvernig þetta hefði nú allt saman verið og svona og hann náttúrulega dálítið spenntur fyrir því að sjá hvað væri að gerast úti í heimi. Og svo hitt að þetta var erfitt þetta ástand hérna með þetta eilífa verðbólguvesen. Þetta var orðið þannig að þegar krakkar fóru í búð og borguðu og svo fengu þau sinn hlut og peninga til baka, að smápeningum var bara rutt út, þetta var ekkert með. Og hvað maður fékk í laun, það hafði afskaplega lítið að segja miðað við hvað hlutirnir hækkuðu svo, þessi eilífi eltingarleikur.

## DVCAM 136

Ja, sem sagt, manni fannst maður vera dálítið mikið einangraður hérna heima. Og einhvern veginn tilfinningin fyrir þessu, það var miklu meiri munur á Reykjavík svo að maður segi það nú og borgum hérna í kring eins og London og Kaupmannhöfn. Einhvern veginn miklu meiri munur á lífinu hér og lífinu þar heldur en er núna. Og út af þessari eilífu haftastefnu að það mátti ekki neitt og fólki var haldið beinlínis niðri í þessu sem sagt, að yfirstéttin gat farið til útlanda. Þeir sem að höfðu minna fé á milli handanna, þeir gátu að vísu líka farið, það var ekki svoleiðis, þetta var ekki eins og Austur-Þýskaland að það væri beinlínis bannað, en það kostaði töluverða peninga og þó þú ættir pening hérna á Íslandi að þá þýddi það ekki að þú gæti farið með þá alla út í lönd, þú þurftir að sækja um gjaldeyri og gjaldeyri var veittur, þú áttir ekkert rétt á því að kaupa erlenda peninga heldur það er, gjaldeyrisnefndin heldur fund á þriðjudögum og þá er þér veittur gjaldeyri, þú færð svo og svo mikið og svo ekki meir og þetta var ekkert mjög einfalt. Og maður hafði þessa tilfinningu bara það að komast til útlanda þá var alveg bara fílingurinn vá, ég er að fara. Og það var þessi fílingur svolítið að fólk sá líka fyrir sér svolítið útlönd í dálitlum ljóma og ég tala nú ekki um fyrir gay lífið því hérna var náttúrulega nákvæmlega ekki neitt og, en maður vissi til dæmis í Kaupmannahöfn að þar eru, og í London, einhvern veginn beindust hlutirnir, sjónir beindust svolítið mikið að Kaupmannahöfn. Þá sér maður líka, það er líka eitt dæmi hvað þetta er allt saman í eðlilegum kulturel formum sem sagt, hefðbundnir menningarstraumar sem sagt að auðvitað fer fólk til höfuðborgarinnar það segir sig sjálf. Kaupmannahöfn var nákvæmlega jafn mikil höfuðborg fyrir hommana eins og fyrir aðra sem sagt. Og eins og ég sagði áðan, Reyni langaði mikið að upplifa þetta aðeins og var nákvæmlega á þeim aldri, sem sagt rétt að verða tvítugur eitthvað svona, eða um tvítugt, að fá að kíkja á þetta svo að við ákváðum að bara flytjast í burtu og fara til Kaupmannahafnar og sjá hvað hægt væri að gera þar og svona. Og í janúar '78 að þá fórum við burt og við vorum meira að segja svo flottir á því að við fórum fyrst til London og svo til Kölnar og svo til Köben, tókum svona léttan, létt ferðalag út úr þessu í leiðinni. Og í janúar, ég man alltaf eftir þessu, þetta er algerlega í lok janúar 1978 að þá héldum við svona kveðjupartí á Laugaveginum og þá var búið að rýma alla íbúðina bara svona tvö samstæð sófasett eftir svo þetta leit svona ágætlega út og það var boðið öllum saman en það mátti enginn koma nema í grímubúningi. Það var náttúrulega farið sko tveim, þrem kvöldum áður, og kíkt á allar grímubúningaleigur sem til voru hér. Og ég man að þetta var mjög svona skemmtilegt þarna tvö, þrjú kvöldin á undan, þá

var maður kominn með haug af einhverjum undarlegum fötum og Reynir hafði mjög gaman af því að leika sér í þessu og [hlær] fara í einhver undarleg föt, þetta voru mjög sérkennilegir hlutir sem voru til, en þetta þýddi það að við söfnuðum okkur sæmilegum haug af þessu og þá var líka hægt að lána fólki hitt og þetta skilurðu sem að kom. Þetta var alveg eins og venjulega: Guð ég er alveg til í að koma en ég á bara ekkert annað til að fara í nema nananana. Þessi vitleysa, og þetta tókst alveg, fólk var alveg til í að gera þetta, þegar líka er tilefni til þess, það þarf náttúrulega að vera fyrirpartí, það er alveg nauðsynlegt. Það er tilefnið. Og það eru til mjög skemmtilegar myndir af þessu til dæmis þar sem að stoppar leigubíll þarna fyrir utan og maður í kjól með hvíta hárkollu kemur svona út eins og limúsínan með einhverja fræga manneskju þarna og þetta var mjög skemmtilegt. Þetta var alveg meiriháttar partí.

Þetta var sem sagt í janúar '78 og við fórum og til Köben, bróðir minn bjó í Kaupmannahöfn það hjálpaði okkur náttúrulega dálítið að festa þarna fót og svo framvegis. Og Reynir fékk svona fljótlega vinnu og ég átti dálítið erfiðara með að fá vinnu einhvern veginn. Og hafðist nú að lokum, ég vann þarna á hóteli, Missionshotellet í Lynggangsstræde [hlær], sem ég sé ekki eftir, þetta var, hin merkilegasta lífsreynsla að vera þarna og sérstaklega að dýla við þetta undarlega tungumál sem sagt, og ég hef hag af því í dag að hafa nennt þessu. Og svo, Reynir Már hann átti þetta til sko að, fara í jakkaföt og frakka og fara í bæinn og gera einhvern fjandann af sér sko, það verður að segjast eins og er sem sagt [hlær]. Og fyrst bjuggum við í svona lítilli íbúð en einn daginn fór hann bara í jakkaföt og frakka og fór í bæinn og keypti stóra herskabslejlighed uppi á Vesterbro. Og af því að hann vann, hann fékk sko vinnu hjá Øst-Asiatisk Kompani sem er afskaplega virðulegt danskt fyrirtæki við það sama og hann hafði verið hjá Skeljungu í tölvudeildinni og þá var þetta mjög trúverðugt og solid og allt þetta enda var þetta líka allt í lagi því að því að á þessum tíma að minnsta kosti, og ég held það sé þannig ennþá að, Danir gera ekkert ráð fyrir því að fólk kaupi sér fasteign og klári að borga hana á einni ævi, heldur eru einhver stór fyrirtæki, félög, hvað heitir þetta, fjárhaldsfélög, eignarhaldsfélög heitir þetta sem að eiga stóra íbúðarkomplexa og leigja þetta svo út, fólki sem býr þarna alla sína hunds- og kattarævi og borgar sama sem sem tilheyrir vænni, eða ekki einu sinni það, mánaðarleigu, svo við fluttum upp á Sankt Jørgens Allé eins og það heitir og bjuggum þar þennan mest allan tímann sem við vorum í Kaupmannahöfn. Og það var ljómandi fínt.

Auk heldur fór hann líka einu sinni í bæinn, nákvæmlega sama systemið, og niðri í gamla

hverfið og keypti kjallara [hlær]. Ég hef komið þarna seinna, þetta er í Studiestræde sem sagt og þetta var allt í lagi hjá honum, hann var svo sem bara tuttugu árum á undan tímanum. Og ég meina við vorum að vinna þarna heillengi og rífa allt innan úr þessu og mála þetta hvítt og eitthvað svona dót sko og þetta kostaði svo sem heldur ekki mikið en við höfðum ekkert með þetta að gera og að lokum að þá fór hann bara aftur í jakkafötin og frakkann og fór og skilaði þessu [hlær]. Eða öllu heldur sagði þeim að það væru sveppir í, auðvitað [hlær] í lókalnum í kjallaranum bakatil, að það væri einhver og hann hafði einhvern veginn, gat, hafði lag á því að fá fólk til þess að trúa sér þannig að þetta var líka allt í lagi, þeir fengu lókalinn til baka og það var búið að laga hann til og skilurðu það, enginn tapaði á þessu dóti.

En það var svona, sko það sem er, ég veit ekki hvernig þetta var hjá öðrum en það sem að mér finnst merkilegt við þessa Kaupmannahafnardvöl eftir á er hvað maður var einhvern veginn rosalega innilokaður í þessu gay samfélagi. Og það svona, segir sem er kannski svona einhver reaction á þetta allt saman að, maður var orðinn svo þyrstur eftir því að geta lifað í þessu samfélagi að þegar maður loksins kom til Kaupmannahafnar að þá bara lokaði maður sig inni í þessu ghattói og það var einhvern veginn, ég veit ekki hvernig á þessu stóð en það var líka svolítill svona pólarisering í þá áttina að manni fannst bara allt sem var straight vera gjörsamlega glatað. Og þetta er svona, það slær örlítið saman svona hlutum sko. Maður fann það náttúrulega og finnur það að þetta blessað þjóðfélag er náttúrulega byggt þannig upp skilurðu að það er látið líta út fyrir að þetta eigi allt saman að ganga upp en það gerir það bara engan veginn. Og þetta er allt í lagi að vera svona social-krítískur og ferð eitthvað að kíkja á þetta þá náttúrulega mjög fljótlega fer maður að sjá breytingu í þessu dóti og þetta bara passar ekki og fólk er bara ljúgandi daginn út og daginn inn, hvort sem það veit það er að ljúga eða ekki að ljúga. Bara barist á fimm stöðum í Írak góðan daginn [hlær]. Fyrir má nú ljúga, fyrir má nú skilurðu, þú veist hagræða sannleikanum. Það má segja um gyðingaofsóknirnar líka, þetta var ekkert mikið, þetta voru sex eða sjö staðir sem var verið að drepa þá, þetta var ekki neitt. Allavega, maður varð ósjálfrátt settur út á svona jaðar þjóðfélagsins, verður fólk náttúrulega óneitanlega dálítið gagnrýnið á þetta þjóðfélag og þá einhvern veginn ósjálfrátt tengir maður þetta saman, straight og þjóðfélagið og gay og okkar samfélag, sem sagt. Og þetta þýddi það að maður raunverulega sneri sér á móti öllu þessu samfélagi svokallaða sem að straightfólkið hefur og bara vildi útiloka sig frá því, vildi ekkert hafa með þetta að gera. Og í Kaupmannahöfn var þetta afskaplega auðvelt mál, að við bjuggum þarna í sæmilega stórru íbúð og finni, höfðum mikið samband við svona, aðra Íslendinga sem að voru á nákvæmlega sömu nótum og við og áttum náttúrulega

danska vini líka, ekki mikið en þó eitthvað líka og lifðum bara og hrærðumst í gay samfélaginu í Kaupmannahöfn. Og maður fór ekkert út fyrir það. Við bjuggum þarna niðri á Sankt Jørgens Allé niður við endann á Sørerne, þú veist ég vann á hóteli rétt hjá ráðhúsinu, í Løngangstræde og ég bjó þarna í fjögur ár og svei mér þá að mitt svæði þarna, það náði frá Vesterbrogade þarna, niður á Kongens Nytorv, upp á Nørrebrogade og út í Christianshavn skilurðu. Annað fór maður ekki. Að við hefðum kannski fengið okkur bíl og keyrt aðeins út á Fjón eða yfir á Jótland eða eitthvað svona? Eða maður hefði farið yfir sundið yfir til Malmö, nei. Það að maður hefði farið í leikhús, nei. Að maður hefði farið að sjá söfn, nei. Ekki nokkur, þetta kom manni ekkert við, þetta var allt eitthvert djöfulsins straight kjaftæði sem að kom manni bara ekkert við. Og þessi holdning öll, núorðið sé ég auðvitað svolítið eftir þessu og þetta hefur náttúrulega mikið skánað en þessi reaction hjá okkur held ég hafi verið svolítið algeng sko. Sama reaction og hjá okkur. Og þetta held ég að hafi verið hlutur sem að fólk áttaði sig ekki alveg á, að með því að ýta gayliðinu svona algerlega út á jaðarinn að þá fékk það líka til baka gjörsamlega fyrirlitningu og asocialhegðun eiginlega má segja, þannig séð, fólk tekur ekki þátt í þessu. Þetta hefur mikið skánað hjá mér, ég finn það sko en enn þann dag í dag finn ég alveg fyrir þessu sko. Að maður hefur svona, að ég hef svona viðbrögð við því sem er að gerast í samfélaginu sem að eru ekki eðlileg einhvern veginn, eða þannig þú veist. Eins og núna í kennaraverkfallinu, þú veist að ég ligg hér uppi í rúmi og hlusta á hádegisfréttirnar og það er verið að segja að þeir hafi felld þetta einu sinni enn þá, eða hvort það var þegar þeir mættu ekki í skólann á mánudeginum, að þá fer ég bara allt í einu að skellihlæja [hlær]. Þetta eru náttúrulega ekkert eðlileg viðbrögð en raunverulega er þetta hlutur sem að fólkið mætti segja sér sjálft og þetta er svoddan skrípaleikur að maður ber enga virðingu fyrir þessu, ekki nokkurn, og það er náttúrulega ekkert sniðugt sko. Á ekki að vera þannig.

Sko ég bjó þarna náttúrulega, ég kynntist fyrst svo að segja gaylífi 1969 úti í Köln. Og svo fór konan mín að fljúga, hún var flugfreyja sem þýddi það að hún var í burtu mánuð og heima í viku skilurðu, burtu í þrjár vikur og eitthvað svona og þá hafði ég tækifæri til þess að kynnast aðeins gaylífinu í Köln. Og þá var þetta náttúrulega svona dálítil áráttu að fara og sjá alla þessa staði, sjá allt þetta dót og sjá alla þessa stráka og allt þetta dót og fylgjast með þessu, vita hvernig þetta er. Og auðvitað lenti maður í hinum og þessum ævintýrum á þessum tíma og þetta var sem sagt '69, '70, sennilega '71 og '72 og þá var maður nú orðinn svolítið þreyttur á þessu sko. Og '73 og '74 kem ég hérna heim og þá var ég eiginlega búinn að fá algerlega nóg af þessu, skemmtanastússi að fara út og hitta þennan og eitthvað svona skilurðu, one night

stands og allt þetta dót sko. Og kem hingað heim og hugsa að ég kíkí nú svolítið á þetta skemmtanalíf í þessum bæ, Reykjavík, fannst þetta nú alveg langt fyrir neðan mína virðingu það segir sér sjálft [hlær]. Fer niður á Hótel Borg og þá er þar þetta sama sammelsurium sem alltaf var þar, þetta fólk á öllum aldri og einhvern veginn og allt einhvern veginn í jakkafötum og silkikjólum og eitthvað svona undarlegar kerlingar og hárið út í loftið og eitthvað svona, voðalega skrítið fólk. Manni fannst þetta alltaf vera einhvern veginn eins og eitthvað ball frá 1920. Og inni í þessu öllu saman þá er þarna piltur í gráum jakkafötum og með slaufu og jakkaföt og vesti og slaufu og hann er svo fínn að hann gat ekki litið svona við heldur hann sneri sér öllum skilurðu, [snýr höfðinu til hægri og vinstri] hann gerði ekki svona heldur þú snýrð þér svona, og það var Reynir Már. Þá var hann sem sagt, hann hefur verið nýorðinn átján ára, já það passar, þetta hefur verið um sumarið, hann átti afmæli í mars. Og við förum að tala saman og tala við fólk þarna, og einhvern veginn endar þetta með því að við fylgjumst að heim og svo framvegis. Og þá bjó ég, þá var ég sem sagt nýskilinn við konuna mína og bjó uppi í Sólheimum í tveimur stórum herbergjum sem voru að vísu í kjallara en á jarðhæð öðrum megin frá, og ekkert þarna inni nema teppi á gólfinu og mjög huggulegt, nóg pláss og algjör friður og allt þetta. Og þá fór hann að venja komur sínar þarna til mín og við vorum bara eins og hvert annað þar sem sagt og þetta var örugglega um sumarið því að hann átti gamlan Moskvitch og við förum á einmitt á Þingvelli á 1100 ára hátíðina þarna [hlær] því ég man eftir því dóti, við vorum þar saman. Reynir var afskaplega aðlaðandi piltur, bæði fríður og svona skemmtilegur í viðmóti og hafði svona lag á því að vera góður við alla. Var aldrei með nein svona uppásnúningheit við fólk og gat alltaf verið svona, alúðlegur einhvern veginn og honum tókst það alltaf. Og það svona hafði dálítið að segja af hvaða fólki hann var. Pabbi hans, Einar, er sonur Guðmundar frá Miðdal og þetta listamannablóð allt saman í þessari ætt og þessi fílingur var svolítið í honum Reyni Má, að hann hafði svona mikinn áhuga fyrir þessu öllu saman. Svo verður það nú alveg að játast að ég stríddi honum á að þetta væri nú meira áhugi en að hann raunverulega gerði eitthvað í þessu [hlær] en þá var það nú kannski það að það sem að annað fólk festir raunverulega í leir eða á mynd eða eitthvað svoleiðislagað, að þetta var eiginlega í hans lífi, hann hafði óskaplega gaman að búa, að koma hlutunum í lag í kringum sig og þessi íbúð okkar þarna uppi á Laugavegi 28, þetta var algerlega hans verk. Áður en maður vissi af þá var hann búinn að búa þarna, sko, almennilegt heimili, almennilega stofu með alls konar dóti og you name it sko [hlær]. Og hafði óskaplega gaman af því að hafa fólk í kringum sig og svona partí og þess háttar og þetta átti afskaplega vel við mig líka, mér finnst gaman að þessu líka.



Ég veit það ekki. Hann hafði til dæmis lag á því einhvern veginn, ég stríddi honum stundum á þessu sko að, það voru ákveðin gerð af mönnum sem höfðu hreifst alveg rosalega af honum. Menn sem voru kannski ekkert ægilega, svona vel, ekkert alltof ásjárlegir kannski, kannski svona óheppilega mikið stórir eða einhvern veginn þannig eða skrítnir eða whatever, og Reynir Már átti það til að láta þessum mönnum finnast virkilega að það væri allt í lagi með þá. Og þeir elskuðu hann fyrir það skilurðu, og það, ég er nú bara að segja svona, á ekkert að segja frá þessu svo sem en þetta var svolítið áberandi, og þá sakaði heldur ekki að þessir menn voru svona sæmilega efnun búnir [hlær] og örlátir, það var allt í lagi [hlær]. Mér fannst þetta alltaf jafn skemmtilegt því hann sagði: Ég er ekki að biðja þá um þetta, sagði hann, og þeir fá ekkert frá mér í staðinn og þetta er allt í lagi, nei, nei þetta... Ég held að hann sé einn af þessum fáu mönnum sem ég hef þekkt um ævina sem átti eiginlega enga óvini. Það var ekki til neitt, enda hvernig í fjandanum hefði það átt að vera, ég meina. Og okkur samdi alltaf afskaplega vel, það var ekkert vandamál með það einhvern veginn. En svo náttúrulega á löngum, löngum tíma að þá gerist ýmislegt, sem sagt fólk vex svolítið frá hvert öðru einhvern veginn eða þannig og það var eiginlega þannig. Við bjuggum saman á mörgum stöðum sem sagt. Við bjuggum saman á Laugarvegi 28, svo úti í Kaupmannahöfn, fyrst úti á Østerbro og svo í Sankt Jørgens Allé og svo þegar við komum hingað heim að þá uppi í Blönduhlíð. Það var mjög huggulegt og svo aftur niðri á Laugavegi 34 þar sem hann var með leirkeraverkstæði. Og þá var þetta orðið svolítið erfitt allt saman einhvern veginn og upp úr því flutti ég hingað og hann á Njálsgötuna. En við vorum vinir alveg hreint og algjörlega þetta samband okkar varði alveg bara þangað til hann dó, það var ekkert vandamál með það sko.

Já, sko þetta komst niður þannig gagnvart okkur að þetta Iceland Hospitality var sem sagt til og virkaði nokkurn veginn og við fengum bréf og við fylgdumst með og vorum áskrifendur að einhverjum blöðum og eitthvað svoliðis lagað og þetta var allt sett virðulega inn í möppu sem að tilheyrði þessu félagi og þessu dóti og þessu whatever. Svo þegar við ákveðum að flytjast til Kaupmannahafnar að þá var náttúrulega spurningin hvað á að gera við þetta? Og Hörður hann hafði sem sagt, talaði um það að það væri virkilega þörf á því að búa bara til samtök, almennilega, og það, við ákváðum það bara að láta Hörð fá þetta svo að við létum hann fá lykilinn að pósthólfinu og, sé ég í seinni tíð líka úrklippusafn og skjöl. Ég var náttúrulega búinn að gleyma því að þetta var til. Og hann tók við þessu og við sögðum við hann: Þú gerir bara við þetta eins og þú vilt. Og svo fórum við sem sagt, við Reynir Már til Köben, Trixie held ég

hafi farið þá til San Francisco og þetta leystist einhvern veginn upp og þá var líka þessi stóri flótti. Svo fréttum við þetta bara til Kaupmannahafnar að Hörður hefði kallað saman fólk heim til sín upp í Sólheima þar sem hann bjó þá, og stofnað Samtökin '78 hann hefði hreinlega þýtt hérna, eða more or less já eiginlega, lög samtakanna dönsku, sem sagt Forbundet '48 sem sagt, og fengið þetta nafn, af sömu rót, sem sagt Samtökin '78 eins og '48 bara 30 árum seinna sem sagt, segir svolítið skilurðu og okkur fannst þetta bara hið besta framtak á alla kanta og alveg sjálfsagður hlutur og svo fréttum við það svona að, á skotsþónum að þetta hefði nú verið dálítið sérkennilegt þetta dæmi í kringum það, það hefði enginn viljað vera í forystu fyrir þessu. Þetta var náttúrulega allt afskaplega mikið inni í skápnum eins og maður myndi segja núna. Það þorði enginn að segja neitt um þetta því það vissi enginn hvernig því yrði tekið. Það var ekki það að fólk skammaðist sín fyrir þetta, það var ekki að það væri einhvern veginn hrætt við það að það yrði bara einhvern veginn útskúfað úr þjóðfélaginu, kannski, en aðallega held ég það hafi verið þessi ótti við hið óþekkta eins og þeir segja. Að þú veist ekki hvað mun gerast. Og það vildi enginn taka að sér forystu fyrir þessu en að Hörður hefði eiginlega svo að segja skikkað Guðna Baldursson í þetta af því að hann væri svona maður sem að væri traustur og ábyrgur og hann myndi ekki hlaupa frá þessu, eitthvað svoleiðis lagað. Svo, sjáum við það náttúrulega að Hörður kemur til Kaupmannahafnar, og hann sagði okkur náttúrulega frá þessu líka sem er, því hann stofnaði þetta, kom þessu á koppinn og fór og skildi þetta svo eftir hér svona í höndunum á þessu. Svo erum við bara mjög sáttir og ánægðir með þetta á alla kanta en heyrðist voðalega lítið frá þessu fyrirtæki það verður að segjast eins og er. Svo allt í einu þegar við komum hingað heim, sem sagt í árslok '81, þá fannst okkur þetta náttúrulega vera dálítið skrítíð að það hafði ekki verið allan þennan tíma alveg frá '78 hafði aldrei verið haldin, nein skemmtun, fólk hafði aldrei komið saman, aldrei verið, bara svona spjall og gert ráð fyrir svoleiðis lagað heldur alltaf verið fundir og sem höfðu alltaf verið haldnir helst í safnaðarheimilum. Og þá úti um allt, hér og þar, alltaf nýr staður hvert skipti og einhvern veginn þannig, sem sagt ekki þannig að fólk væri vanið á að koma á sama staðinn og þar væri þá einhver sem væri friendly og væri skilurðu. Og svo þegar að við fórum að tala við vini og kunningja hérna heima að þá verður bara að segjast alveg eins og er að þetta fyrirbæri var ekkert mjög vinsælt, skilurðu. Þetta þótti svona dálítið sérkennilegt á alla kanta því fólk var alltaf einhvern veginn með hundshaus gagnvart öllum sem að ekki þóssuðu inn í systemið þarna. Og svo förum við að kynna okkur þetta og þá kom þetta sem sagt í ljós að pólitíkin á bak við þetta dæmi var sú að þetta ætti að vera svona elite bardagafyrirtæki sem sagt, lítill hópur af mönnum sem að vissu hvað þeir væru að gera, sem berðust fyrir því sem þyrfti að

gera. Og það ætti helst ekki að hleypa fólki inn í þetta nema það væri eitthvað vit í því eins og það heitir sem sagt [hlær]. Það er ekki sómi að öllum sem vilja styðja okkur sagði hann [hlær].

Og út úr þessu varð dálítið, manni fannst þetta voða skrítið og, svo er eitt sem ég var nú eiginlega búinn að gleyma en þá sko er svona, það er eitthvað svona sko. Eitt af því sem við höfðum frétt frá þessum frumdæmi, það var það að karakter sem er kallaður Nonni, Nonni kerling sem við segjum, það má ekki segja þetta [hlær]. En hann vill ekki heita Jón, alls ekki og Nonni listamaður segjum við, Nonni pönkari, afi pönksins. Hann hafði verið þarna á fyrsta fundinum og svo er hann sem sagt bara úti í bæ og er að segja frá þessum tíðindum, að það sé nú aðeins að færast líf í þetta, það sé nú búíð að stofna samtök. Og þetta fréttist svo til þeirra að hann hefði virkilega sagt frá þessu og þá brjálást þeir og reka hann burt úr þessu. Og Nonni sagði sem satt var skilurðu: Ég meina ég þarf ekki að vera í félagi til að fá skítkast, algjör óþarfi. En þetta segir, fílingurinn á þessu öllu saman. Og Nonni, þegar við komum hérna heim þá býr Nonni niður á Hótel Vík. Og Hótel Vík var svona örlítið tengt þessu öllu saman eða okkar kunningjahópi því að Trixie hafði búíð á Hótel Vík og Hörður hafði búíð á Hótel Vík lengi, Hörður var eiginlega svona húsvörður á Hótel Vík og það voru leigð út herbergi þarna, þetta var svona, svona kommúnufílingur á þessu svolítið þú veist. Og nú stóð þetta tóm, það hafði kviknað í þarna, það var nýbúíð að gera við eftir það, þetta var svona ekkert, eða Nonni bjó þarna en það voru mjög fáir aðrir, ég held hann hafi búíð þarna einn meira að segja, já. Og að öðru leyti stóð þetta meira eða minna tóm. Svo að við sáum okkur þarna leik á borði að þarna væri húsnæði sem væri bara hægt að leggja undir þessi samtök sem sagt og fórum aðeins að forvitnast um hver réði þessu og hver ætti þetta, hvernig væri þetta dadada. Og við Trixie fórum og töluðum við Benedikt Blöndal, ég man alltaf eftir þessu, sem sagt bróður þingforsetans og Haraldar skólabróður míns og var lögfræðingur hér í bænum og sögðum honum frá því hvernig hlutirnir væru, hverjir við værum og út á hvað þetta gengi og svona og hann sagði já sko hómósexual fólk hefur reynst okkur afskaplega vel í þessu húsi og þú veist það er ekkert því til fyrirstöðu bara endilega athuga þetta mál og þið meinið að hafa þarna svona félagsaðstöðu og svona og búa einhverjir og svona já, já, já, já, já. Og við mjög ánægðir með þetta og fórum og segjum bara stjórninni í Samtökunum frá þessu og það var eins og við hefðum sko bara, ráðgert byltingu og værum komnir bara með dínamítið í hendurnar og þetta gat ekki gengið skilurðu og Guðni Baldursson hringir í Benedikt Blöndal og segir honum að þetta sé bara tóm vitleysa, þarna hafi verið fólk á ferðinni sem hafi ekkert umboð til eins eða neins og þetta gangi ekki á neinn hátt og það sé enginn áhugi fyrir þessu. Okkur fannst þetta afskaplega sérkennilegt.

Hvers vegna? Af hverju? Ég meina hvað er að? Svo það var kallað á huggulegan lítinn fund sem var meira að segja haldinn niðri á Hótel Vík þarna niðri og ég man alltaf eftir þessu að Guðni Baldursson er þarna og Björn Bragi, manstu eftir honum? Já, að Björn Bragi er þá svona átján, nítján ára, eitthvað svoleiðis, ægilega fína klippingu svona ljóshærður, talar svolítið gæjalegt mál og er að útskýra þetta fyrir Guðna að þetta sé virkilega sniðugur staður og þetta sé gott, hér sé hægt að gera alls konar hluti og að þetta þurfi líka að vera svo það sé einhver miðpunktur í þessu öllu saman og svo sér hann að Guðni bara horfir svona framhjá honum og hann segir hérna: Guðni þú hlustar ekkert á mig! Og þá segir Guðni: Ég þarf ekkert að hlusta á þig, ég veit þetta allt miklu betur en þú. Þá náttúrulega var ekkert hægt í þessu að gera. Þá er náttúrulega bara datt þetta upp fyrir. Og við vorum mjög ósáttir við þetta og þetta sem sagt, létum það óspart í ljós [hlær].

Það sem var raunverulega á bak við þetta sem við áttuðum okkur ekki alveg á strax en fundum mjög fljótlega að þetta var eiginlega bara spurning um vald. Honum hafði verið trúað fyrir þessu, þetta er eins og brauðið dýra [hlær]. Honum hafði verið trúað fyrir þessu félagi og hann ætlaði að varðveita það. Og þá eftir sínum eigin hugmyndum. Og þessar hugmyndir voru nákvæmlega þessar sem að viðgengust í Þjóðfélaginu á þeim tíma þetta, hinir upplýstu vita hvað hinum er fyrir bestu sem sagt og án þess að ég viti nokkuð um það, ég áttaði mig náttúrulega ekkert á því á þeim tíma en ég held þetta hafi verið þannig að, fyrir þessum strákum sem voru í stjórn Samtakanna, þessari alfyrstu að þeir höfðu náttúrulega samband við dönsku samtökin og norsku samtökin og þegar það var komið svona opinbert fyrirtæki hérna heima að þá flæddi yfir þá gögn og upplýsingar og dót frá þessum dönsku samtökum. Og þá allt í einu opnast heill, heil víðátta af, heil fræðigreinin af allt sem er þarna á bakvið og skandinavisk literatur um þessa hluti. Og þá held ég að þeir hafi sökkt sér niður í þetta og fundist þeir væru komnir á eitthvað plan sem að almúginn bara ekki skildi sem sagt. Og það var þeirra skylda að hafa vit fyrir almúganum. Það er bara þessi gamla upplýsingastefna sem var þarna á ferðinni. Og að þetta fólk, þeir voru svo hræddir að þetta væri fyllibyttur og að þetta væru dópistar og að þetta væru guð má vita hvað og að þeir gætu ekki verið forsvarar málefnsins gagnvart Þjóðfélaginu, það var það. Þeir voru ekki nógu virðulegir, sem sagt. Og mér skilst eftir á að þetta sé mjög almennt fyrirbrigði hjá kúguðum hópum. Nákvæmlega sama systemið var á ferðinni hjá svertingjunum í Ameríku, til dæmis, hjá blökkumönnum. Að forvígismenn blökkumanna í þeirra réttindabaráttu, þeir þoldu ekki einhverja banjo-spilandi svertingja sem léku góða svertingjann, skilurðu, og eitthvað svona. Og það mátti ekki vera, þeir vildu ekki

hafa neina svona, ekkert suðurriksja droll, þetta átti allt saman að vera einhverjir menntaðir blökkumenn, skilurðu, sem díluðu þá við hvíta meirihlutann á nótum hvíta meirihlutans. Það er það sem er, sem sagt. Að eitthvað sem heitir „gay-kúltúr“, það var ekki til í orðabók Guðna Baldurssonar. Hvaðan hefði hann líka átt að þekkja það, skilurðu? Það er það sem er. Og við sem að komum frá, að utan, Trixie kemur frá, þetta gerðist raunverulega svona. Að Trixie er búinn að vera í San Francisco og við úti í Kaupmannahöfn og við vorum búin að vera svona immersed í þennan gay-kúltúr þar. Það virkar allt svona. Að það sem okkur þótti eðlilegt og sjálfsagt að það fannst ekki bara Guðna en þeir gerðu þetta allir svona, samnefnari fyrir þetta allt saman. En það voru fleiri í stjórninni heldur en hann og þeir hugsuðu allir eins. Þeir voru lafhræddir við okkur. Þeir héldu að þetta væri bara eitthvað fólk sem væri bara að, sem ætlaði að kollsteypa þessu öllu saman, það var þeirra skylda að koma í veg fyrir það, sem sagt. Þar eru hvatirnar á bakvið þetta, held ég ábyggilega.

Þegar þetta ruglaðist svona rækilega með Hótel Vík og við erum sem sagt afskaplega ósáttir við þetta allt saman. Við vorum náttúrulega félagar í Samtökunum og það voru haldnir fundir þarna og það var svolítið líf í þessu, í kringum þetta allavega. Það verður að játast. Og þetta var sem sagt um haustið '81 seint, og það kom einhvern veginn þannig upp, more or less, var ekki beinlínis sagt, jú, eða þannig, að í svona í sárabætur fyrir þetta því þetta mistókst nú svona skelfilega og þeim fannst nú líka að við hefðum svolítið til okkar máls og þetta var svona örlítið eins og þeir höfðu nú örlítið hlaupið á sig líka. Þeir voru ekki algerlega, það voru ekkert allir sáttir við þetta. Að þá í svona eins konar sárabætur fengum við að hafa ball, það væri þá kominn tími til að væri allavega einhver skemmtun, þessi samtök voru búin að vera til síðan í maí '78 og það var komið nóvember '81 og aldrei nokkurn tímann hefði verið haldin samkoma sem fólk hefur komið saman bara til að hitta hvern annan. Ætti samt að heita vettvangur. Í fyrstu grein. Svo við fengum að gera það og þá var náttúrulega það náttúrulega reynt að gera það með svolitlum stíl. Og þá fengum við, leigðum við Manhattan í Kópavogi sem var skemmtistaður, stór og mikill skemmtistaður. Á laugardagskvöldi, milli jóla og nýárs, ég held það hafi verið 28. des, og sendum einn, Stefán Andrésson, sem var Kópavogsbúi, til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heitir það það ekki? Til að fá framlengingu á balli, svo að þetta gæti nú verið sæmilegt. Og við fengum framlengingu til þrjú eins og ekkert væri, bara sjálfsagður hlutur. Kom nú reyndar í ljós seinna að hann hafði haldið að Samtökin '78 væru einhver tískusýningarsamtök, því þá var eitthvað hvað til sem hét Karansamtökin eða eitthvað. En hvað um það. Mótelsamtökin hét það, mótél, já mótél '79. Allavega eitthvað ruglaðist, hann

hélt að þetta væri eitthvað slíkt. Því það kom í ljós þegar á ballinu sjálfu að þá kom allt í einu fólk sem sagði að þetta væri á misskilningi byggt og eitthvað svona. Við fengum þó allavega að vera held ég til hálf þrjú. En við vildum nú hafa þetta með stíl, þannig að það var ákveðið að hafa almennilegt show og það var búinn til í skyndi sex eða sjö manna ballettflokkur og æft upp prógram, alveg ægilega fínt, með tilheyrandi dans og látum. Og man alltaf að Árni Glóbbó, hann spilaði undir hjá Sigríði Ármanns, svo við fengum lánaðan ballettsalinn hennar, sem sagt danssalinn hennar þarna niðri á Skúlagötu til að æfa. Og svo var þetta gert alveg miskunnarlaust með tilheyrandi látum og búningar og vesen og allt hvað eina og fenginn auglýsingateiknari til að búa til auglýsingu í blaðið og búa til aðgöngumiða í stíl og allt svona. Þetta þarf allt saman að vera. Hafa þetta með sæmilegum stíl allt saman. Og þetta gekk alveg ljómandi vel, þetta mæltist mjög vel fyrir og kom alveg fullt af fólki, alveg bara, ég held það hafi komið um 200 manns á þetta ball. Ég er ekki að fullyrða þetta, en það voru yfir 100, eða 150. Það var sem sagt í þessum stóra sal á Manhattan, þar var vel ekki fullt, en vel skikkanlegt, því það var ekki þannig að það væru einhverjar nokkrar hnípnar sálir þarna í vanda, heldur virkilega vel partýhæft. Fólk mætti sumt svona svolítið uppdrassað og þótti svolítið fínt. Þetta fréttist náttúrulega, ég meina segir sig sjálf, ég meina auglýst í blöðunum og allt hvað eina. Og þá komu ljósmyndarar og vildu gjarnan fá að taka myndir af þessu og við sögðum að það væri allt í lagi, gegn því að það væri ekki birt nema við gæfum leyfi til þess. Skemmtinefndin eins og það hét. Einhver ljósmyndari, einhver vinur Trixiear, hann var þarna, sérstaklega eitthvað áberandi, var blaðaljósmyndari, en hann var þarna ekki fyrir blaðið heldur á sínum eigin vegum. Svo gerist það þarna að Árni Pétur, það má alveg segja frá þessu, það er svo langt síðan, Árni Pétur leikari sem þá var náttúrulega alls ekki kominn út úr skápnum og er þarna sér þennan mann, veit að hann er blaðaljósmyndari og verður alveg hræðilega vondur. Byrjar að rífast við hann og endar með því að hann danglar í myndavélina svo að linsan dettur af og brotnar. Og þetta var náttúrulega ekki sniðugt og Trixie tekur upp hanskan fyrir vin sinn, ljósmyndarann og segir: Ég skal sjá til þess að það komi myndir af þér út um allt. Þetta var auðvitað bara sagt í hita augnabliksins svo að segja. En svo þegar þetta er bóúið og við fengum að sjá allar þessar myndir, við fengum alveg stafla af myndum að sjá. Og þetta voru ósköp venjulegar myndir af fólki að skemmta sér. Það var ekkert athugavert við þetta. Að þetta endar með að það kemur blamaður frá Samúel, Ásgeir Tómasson sem er núna hjá útvarpinu, hann kom upp í Blönduhlíð til okkar, man eftir þessu, spjallaði svona við okkur. Við sögðum honum: Þú sérð það sjálfur hvernig þetta er, það er alveg augljóst mál, fólkið sem er í show-inu það má alveg birta myndir af þeim, við erum búnir að tala við þá og svona yfirlitsmyndir af fólkinu úr

salnum, þar sem enginn sést nema rýna í þetta, það er allt í lagi. Við sögðum í rauninni: Hafðu þetta eins og vilt. Bara skynsemi, það segir sig sjálf. Og við spurðum fólk sem að var þarna hvernig þetta væri, hvaða skoðun þau hefðu á þessu, hvað þeim fyndist. Og við spurðum eins marga og við mögulega gátum, bara vini og kunningja, alla sem við þekktum og voru þarna. Þetta var svona dagleg spurning eiginlega: Hvað finnst þér um að það sé verið að birta myndir af þessu? Og allir sögðu: Alveg sjálfsagt, ég held að það veiti ekki af. Og þetta endaði með því að Samúel kemur út með myndum af fyrsta gay-ballinu á Íslandi. Hrikaleg tíðindi. Svona var skikkanlega að þessu staðið og þetta var okkur til sóma á alla kanta og ekkert athugavert við þetta. En það er svolítið skemmtilegt utan á blaðinu, þá var svona efst í horninu pínulítill mynd af afturenda á manni með skott, refaskott. Og það var Reynir Már, og mamma hans hún hafði alveg fylgst með þessu, hún Jóhanna, og vissi alveg hvað þetta var og kannaðist við þetta, hann hafði sýnt henni, sko: Þetta ætla ég að vera með. Og hún kemur inn í sjoppuna, Krónuna í Lönguhlíð, sér blaðið og snýr við og fer út. En þetta var hið besta mál á alla kanta og var enginn sem var á þessum myndum kvartaði. En formaður Samtakanna '78, Guðni Baldursson, hann trylltist. Árni Glóbó sagði honum frá þessu, hann var úti í Öskjuhlíð að labba og þar hittir hann Guðna Baldursson, daginn sem þetta blað kemur út. Og Guðni heldur á blaðinu samanrúlluðu í hendi sér og slær sér í lærið: Þetta gengur ekki, þetta gengur ekki [hlær]. Og algerlega snarvitlaus yfir þessu og það komu þau boð að það sé boðað til fundar í kristalsalnum á Hótel Loftleiðum og það eigi að reka okkur Trixie úr þessum samtökum. Og ég mæti þarna í Kristalsalinn og þarna voru held ég átján manns, eitthvað svoleiðis, og hann Rúnar Lund var fundarstjóri, ég man alltaf eftir þessu. Og þar kemur þetta dæmi fyrir, þetta er fyrsta og eina mál á dagskrá að það er brottrekstur þessa tveggja félaga fyrir að hafa birt myndir af fólki í þessum samtökum í óleyfi. Og ég benti þeim náttúrulega kurteislega á það að Trixie væri nú farin til Vestmannaeyja og það væri nú eiginlega ekki hægt að dæma hana svona, algerlega án þess að hún fengi að bregða hönd fyrir höfuð sér. Þeir samþykktu það, að það væri eiginlega ekki hægt, en ég var þarna alveg kjörið fórnarlamb og ég benti þeim á að í lögum Samtakanna væri alveg skilmerkilega mælt fyrir um hvernig ætti að fara með svona mál. Að ef einhver gerðist brotlegur við lög félagsins, að þá ætti hann að fá tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu fyrir stjórninni og svo ætti að boða til félagsfundar ef þörf þætti. En ég hefði aldrei fengið tækifæri til að koma fyrir stjórnina og útskýra þetta mál svo að þessi fundur gæti ekki tekið afstöðu til þessa máls, það þyrftum að gera það seinna, ekki núna. Og þá segir Guðni Baldursson: Þá er ég farinn. Og þá var nú lýðræðið og allt þetta system ekki á hærra stigi en það að það sögðu allir: Já þá verðum við nú að gera þetta, og það varð atkvæðagreiðsla og ég

var sem sagt rekinn úr Samtökunum '78 með held ég fjórtán atkvæðum gegn þremur, ég held að það sé alveg á hreinu. Og það bara, allt í lagi með það. Eftir þetta var í raunverulega frá, má segja áramótum '82, '81, sem sagt eftir þetta Manhattan ball og þetta vesen útaf þessum myndum. Allt árið '82, '83, '84 og '85, alveg til ársloka '85 þá logaði allt í óeirðum innan Samtakanna. Það er að segja í þeim skilningi að þessi gamla stjórn hélt þessu ennþá niðri í skrifborðsskúffu og reyndi að halda þessu á sama sviði og hún hafði gert en það var alveg, og þá miklu stærri fylking auðvitað sem að vildi koma Samtökunum út úr skápnum. Og þetta væri ekki hægt að reka þetta eins og eitthvað styrktarfélag vangefinna. Þetta gekk si svona. Þá voru sem sagt, Samtökin komin með húsnaði upp í Brautarholti og þá var þetta þannig að það voru tvö herbergi, eitt stórt herbergi og annað minna. Skrifstofan var í minna herberginu, hvort tveggja var notað fyrir samkomuhald, en alla vega, þá var opið þarna tvisvar, þrisvar í viku og fólk gat komið þarna og það var orðið þessi vísir, að fólk gæti hist og væri svona miljö, svona umhverfi þar sem fólk gat nokkurn veginn látið sér líða vel og hitt vini og kunningja. Og þá var þetta dálítið svona, ég er ekki að þynna þetta upp og mér er ekki illa við Guðna Baldursson, alls ekki, en þetta var þannig að fólk sat þarna inni í þessari fremri stofunni stóru, og það voru kannski líflegar samræður og opnast dýrnar og Guðni Baldursson kemur inn og labbar í gegnum þetta án þess að heilsa nokkrum manni og labbar inn á skrifstofuna. Og það svona zzz. Og þetta endaði með því að það var haldinn fundur uppi í Brautarholti, það hefur sennilega verið í nóvember, desember eitthvað mjög seint á árinu og þar sem að var yfirskriftin þarna: Hvar stöndum við, hvert stefnum við? Eitthvað svoleiðis lagað. Og þá var þetta orðið svo leiðinlegt, það var búið að vera, spurningin, eigum við að kljúfa þetta, eigum við að stofna önnur samtök, þar sem að er svona nokkrum veginn manneskjuleg viðhorf? Ég sagði alltaf: Nei, við gerum það ekki, við verðum að ráða fram úr þessu sjálf, innan okkar eigin hóps, því það er ekkert vit í því. Þetta verður einhvern veginn að leysa þetta mál, það verður einhvern veginn að gera þetta. Og á þessum fundi þarna, Hvar stöndum við, hvert stefnum við? Þá var ég orðinn svo leiður á þessu að ég hreinlega skrifaði niður á blað, alveg heilu söguna, ég á þetta ennþá. Ég leit í þetta núna um daginn og ég hugsaði: Afskaplega hefur manni verið mikið niðri fyrir. Og þar var þetta raunverulega hörð gagnrýni á starf og stefnu Samtakanna undir þessari stjórn og með þennan blessaða formann. Að það væri nú kannski möguleiki hjá honum að sleppa tókum á þessu þó ekki væri nema eitt kjörtímabil, hann mætti alveg koma aftur, en það væri alveg kominn tími til, og rakti þetta algjörlega. Og þegar ég er búinn með þessa tölu, að þá er klappað og það ekkert lítið. Bara alveg svona. Mánuði seinna sagði hann af sér. Þá sá hann fram á að þetta var ekki einhver hugmynd, fólk vildi raunverulega ekki hafa þetta svona. Þetta



voru svo undarlega mikil átök í ekki stærra fyrirtæki. En eftir á þá hugsa ég, eins og hvað annað þegar gert er eitthvað nýtt, þá hlýtur náttúrulega að verða alltaf einhver dálítið undarlegir hlutir. Því það er enginn, stjórnin í Samtökunum miðaði sig algerlega við útlönd. Miðaði sig gjörsamlega við Danmörku og það system þar. En það fyrirbrigði hafði bara verið sett óvart á laggirnar 30 árum fyrr. Og það höfðu orðið ýmsar breytingar á þeim tíma. Og sá stjórnunarstíll sem viðgengst bara tíu árum fyrr, hann var bara ekkert lengur við lýði og þeir dattu svolítið í þessa gryfju að taka það eitthvað gott og gilt sem aðrir höfðu skilgreint í staðinn fyrir að sjá hvað erum við með hér og hvað er þetta og skilgreina það sem að við höfum fyrir framan okkur.

Mér finnst það alveg mega koma fram því það er svona dálítið sérkennilegt fyrirbrigði. Ég man eftir því þarna, áður en við fluttum til Köben. Sem sagt þessi fjögur ár sem við bjuggum á Laugaveginun, '74 til '78 og þá voru allir náttúrulega afskaplega þrúðir og penir, þá fór enginn út öðruvísi en að vera beinlínis í jakkafötum og tilheyrandi og það leyfði sér eiginlega enginn nokkra hluti. Við fórum bara niður á Hótel Borg, það var ekkert annað, og jú á Cesar, það var komið náttúrulega. En hvar sem þetta var, þá var fólk afskaplega stillt og afskaplega þrútt og það var ekki með neina tilburði í frammi til að sýna það að þetta væri einhvern veginn, fólk dansaði til dæmis ekki saman, það var bannað að tveir karlmenn dönsuðu saman. Það var alveg úti í hött og mátti ekki gerast og ef að það gerðist þá kom einhver og ýtt í: Heyrðu vinur minn. Þetta var yfirleitt ekki gert. Allir afskaplega stilltir. Og því fylgdi það að það voru heldur aldrei nein vandræði með það að fara á þessa staði, þar var manni hleypt inn eins og hverjum öðrum kúnna og ekkert vandamál. Svo þegar að við erum komin heim aftur, '81, að þá fann maður þennan mun á skemmtistöðunum, að það var farið að yfast við gay fólki. Af því að Samtökin voru komin af stað, það var farið að tala um þetta, þá kemur þetta aftur sem ég var að tala um áðan, að svo lengi sem þú þegir um þetta, er þetta í lagi. Um leið og þú ferð að tala um þetta, þá fer fólk að taka afstöðu til þess og þá verður þetta vandamál. Og þá þýddi þetta það að þegar maður fór á skemmtistaði að það var gjarnarn búið að loka eða: Nei, það er fullt. Og þrautalendingin var alltaf það skynsama, það var svona code-word fyrir þetta, svona dulmálslykill eða þýddi það, nei, ekki á þessum skóm. Og það skipti engu máli í hvaða skóm þú varst. Nei ekki á þessum skóm þýddi: Nei við viljum ekki gay-fólk hingað inn. Og ég held að það hafi verið á þessum tíma, mér finnst þetta svo skemmtileg saga alltaf, jú það er á þessum tíma, að það var sem sagt niðri á Skúlagötu var unglिंगastaður sem hét Villi tryllti Villi og svo var honum breytt í venjulegan skemmtistað og ég man ekki hvort það var staðurinn sem var þar fyrst eða hvort hann var annar eða þriðji, þetta hét ýmsum nöfnum. En einhvern tímann

hafði staðnum sem var rekinn þarna verið lokað og það átti að opna nýjan, ég held að það hafi verið Casablanca, ég held að það sé alveg klárt. Og veitingamaðurinn hann þekkti eitthvað svona gay fólk og var svona á meðal fólks í bænum og strákarnir voru að spyrja um hvernig yrði nú pólitíkin gagnvart gay liðinu og hann sagði: Mér er alveg sama um það fólk sem kemur hingað inn, það eru allir velkomnir, allir sem eru snyrtilega klæddir, borga sína peninga og skemmta sér. Allir velkomnir. Það tók sinn tíma að koma þessum staði á laggirnar og einhvern veginn óx þessi saga upp, að þarna væri að koma svona mjög gay-friendly staður. Og það er nú ekki í fyrsta skipti sem það hefur gerst í þessum bæ. Og þetta spyrst um í gay-samfélaginu og allir hlakka voða mikið til. Og svo opnar Casablanca og þar koma allir, alveg hreint eins og ekkert væri, staðurinn alveg bara fyllist á no time, og alveg hreint ægilega gaman og skemmtilegt og ég var þarna og ég man ég var að horfa á þjónaliðið og það var eitthvað svo skrýtið. Þá var þetta þannig að þjónarnir og starfsliðið á staðnum, það þekkti ekki nokkurn mann en fólkið á staðnum, það þekktist allt innbyrðis. Og ég man eftir svipinum á einum þjóninum, afskaplega virðulegur maður í blazer og svona. Halli Jó, ferðaskrifstofueigandi, og svo kemur strákur í einhverjum gallajakka fíling, greinilega miklu yngri og á allt aðra nótu og þeir hittast og fara að tala saman. Honum fannst þetta greinilega skrítið. Og þetta varð til þess að aumingja maðurinn, veitingamaðurinn, að hann fór bara í baklás, og þar byrjaði þetta og var mjög strangt dæmi: Ekki á þessum skóm. Því þá höfðu þeir einhvern veginn á tilfinningunni að þetta væri einhver klíka sem væri að yfirtaka staðinn. Það áttaði sig ekki á því að þetta var bara venjulegt fólk sem býr hér í bænum og þekktist af því að þetta er svo lítill bæ. Heldur sá það fyrir sér að það væri einhver ja, einhver mafía hérna á ferðinni. Mér finnst þetta sérkennilegt. En allavega var þetta á þessum tíma, einmitt þetta vesen með skemmtistaðina, verið að reka fólk út og eitthvað svona lagað. Og þá fannst manni þetta dálítið hart, að verða fyrir þessum, ja, áreitni á skemmtistöðum og svo væri maður eiginlega útilokaður úr Samtökunum líka, það fannst manni ekki alveg nógu sniðugt. En svo skánaði þetta allt saman.

Já, þetta er einhver bölvuð djöfulsins vitleysa, sko. Þvaður og kjaftæði. Ég veit um einn vin minn, hann sat þarna inni eins og fullorðinn maður. Sat þarna inni með tveimur vinkonum sínum úr fyrirtækinu sem hann vann hjá og allt í einu kemur dyravörðurinn og hann bara hendir honum út [hlær] skýringarlaust. Þetta var raunverulega, svona eftir á séð þá var þetta einhvern veginn þannig að ég held það hafi verið einn af dyravörðunum, hann var svona brjálæðislega hómófóbískur eitthvað. Og þetta var einhvern veginn, kannski ekki ástæða til að fara út í það, en þetta var einhvern veginn á þessum tíma þá eru náttúrulega hlutirnir að breytast hérna og

eru að verða meira frjálsræði í skemmtanalífinu. Það eru að opna staðir. Það er ekki kominn neinn bjór ennþá, athugaðu það, þetta er á þeim tíma. En það er að svona aðeins að lifna yfir þessu. Og þá eru sem sagt menn sem starfræktu veitingastaði þeir þekktu ekkert fólk. Það er afskaplega lítið inni í því sem er að ske og dyraverðirnir, þá er sú stétt yfirhöfuð fyrst að koma upp sem slík. Hitt var einhvern veginn þetta, staðir eins og hótél Borg. Þetta hefur alltaf yfir sér svona gamlan sjarma, gamla hluti, það er einhver svona tradition á ferðinni. En allt í einu þarna er farið að opna einhverja staði á einhverjum undarlegum stöðum og svona.

[Um stríð við Rúv]

Ég man eiginlega ekkert eftir því. Þetta var eitthvað vesen í kringum þetta. Sko. Þetta byrjar alveg frá því að Iceland Hospitality var. Að þá var þetta, maður var að tala um þetta við straight fólk þá var fólk afskaplega hrætt við þetta og það sem það hugsaði var: Nei, við leyfum þessu bara ekkert að vera. Og ég man að Trixie fór og vildi koma einhverri auglýsingu í Vísi í gamla daga og það var bara: Við ætluðum að halda smá fund og fyrir þetta Iceland Hospitality. Og ritstjórinn hann sagði bara nei. Eða sko auglýsingastjórinn sagði nei og svo sagði ritstjórinn nei og Trixie fór og talaði við ritstjóran sem var þá Þorsteinn Pálsson og seinna forsetisráðherra og sendiherra í Kaupmannhöfn núna, whatever og spurði bara: Afhverju? Hvað er að? Og þá segir Þorsteinn Pálsson: Þetta bara passar ekki. Og eins var eitthvað stríð man ég við Dagblaðið og það held ég hafi verið fyrir Samtökin og Ellert P. Scram, hann var afskaplega mikið á móti þessu og hann beitti fyrir sig auglýsingastjóranum og auglýsingastjórinn og hvor vísaði hvor á annan eitthvað svona. Og Útvarpið það gekk eitthvað, þeir beittu fyrir sig málrökum sem sagt íslenskufraeðingunum. Að það væri ekki til neitt sko sem héti lesbía, þetta það væri óíslenskt. Hvert annað bull. Ég held bara að Ragnheiður Ásta hafi bara ekki getað heyrt sjálfa sig segja lesbíur og hommar, einfaldlega það, þetta var svo ó, þetta hafði aldrei heyrst. Núna finnur enginn fyrir þessu en á þessum tíma var þetta bara hviss. Og þetta er svo skrítið ef þú hefur aldrei heyrt orðið, þér finnst það skrítið og tala nú ekki um að það hafi ekki heyrst nema ekki í opinberu samhengi. Hommi er náttúrulega skammaryrði og lesbía það hljómar einhvern veginn það er eitthvað svona ég meina hljómar eins og Saffó og eitthvað svona eða eitthvað þess háttar. Hefur á sér einhvern svona læknisfræðilegan blæ einhvern veginn, það er eitthvað svona tegundarheiti. Trixie sagði mér sögu af konu í Vestmannaeyjum sem vildi vera mjög líberal og hún sagði: Mér er alveg sama um þessa lomma og hesbíur. Fólk var þetta ekki tamara en það og ruglaði svolítið saman.

*H: Tíðarandinn um '80 – '81. Kvinnapólitíkin og...*

Þegar ég fór aðeins að kíkja á hlutina í sambandi við þessa sögustund að þá, ég hafði ekki áttað mig á. Ég man náttúrulega eftir Kvannafrídeginum en það er sem sagt hangir allt saman. Og þessi Rauðsokkubarátt, þessi kvennabarátt hún byrjar eða fer að bera árangur, fer að verða sýnileg á þessum tíma '74, 1974 koma fyrstu kvenlögregluþjónarnir, það höfðu aldrei verið konur lögregluþjónar fyrr. Þeir birtust nákvæmlega tiltekið þegar það voru alþingiskosningar um sumarið þá komu þær, fyrstu konurnar. Sama ár er fyrsti presturinn, fyrsta konan vígð, Auður Eir á Súgandafirði, þetta er '74. Árið eftir er Kvannafrídagurinn og kvennaverkfall raunverulega því það var skorað á þær að koma allar og skilja bara krakkana eftir og maðurinn, eiginmaðurinn eða hver sem væri hann yrði bara að gera svo vel og sjá um börnin því að nákvæmlega á þessum tíma ætluðu konurnar að hittast á Lækjartorgi. Og þetta varð ein risa demonstration, sko þetta er 20.000 manns og vakti athygli úti um allan heim. Og ég man alveg eftir þessu, ég var þá uppi í sjónvarpi að vinna. Við vorum á fundi og séra Emil Björnsson það var verið að segja honum það að nei, það væri ekki hægt að gera þennan og þennan hlut, ég man ekki hvað það var, því að maðurinn sem ætti að gera þetta, hann gæti ekki komið því hann yrði örugglega heima á þessum tíma því að þau ættu lítið barn og konan hans ætlaði að fara og vera á Lækjartorgi á Kvannafrídeginum. Og séra Emil sem var náttúrulega svolítið með fæturna í gamla tímanum hann sagði: Já já er konan hans að fara nei hún á barn ha nei hvað áttu við? Hún fer ekki frá barninu! Hann var lengi að skilja það að það væri virkilega meiningin, sú að konan ætlaði að fara, hvað sem maðurinn væri að gera að þá ætlaði hún að fara, hann yrði bara að gjöra svo vel og sjá um barnið. Það var mjög erfitt og ég man eftir þessu. Við bjuggum náttúrulega niðri á Laugavegi og ég man eftir sko, amma hans Reynis kom í heimsókn, eða mamma hans og amma hans, þær komu í heimsókn til okkar. Guðbjörg amma hans þá náttúrulega komin um áttræðisaldur og Trixie var þarna í heimsókn hjá okkur og ég man við sátum þarna og töluðum saman og Trixie var nú ekki alveg á því að konur hefðu neinn einkarétt á þessum heimilisstörfum öllum saman og þessi skipting niður í þetta væri nú kannski ekki svona einföld eins og þau héldu. Sem sagt það væri alltaf talað um að mennirnir ynnu úti og svo væru bara konurnar heima og elduðu mat og svo framvegis. Þannig hann benti þeim kurteislega á það að það væri nú fullt af karlmönnum sem að byggju hreinlega einir og þyrftu að gera þetta allt saman sjálfir og væru bara í nákvæmlega sömu sporum og konurnar. Ég man alltaf hann hallaði sér svona aftur og sagði: Ég í mínu eldhúsi. Það er svolítið grín að þessu, ég man alltaf eftir þessu. En þetta hafði auðvitað alveg heilmikið að segja að þá fer að losa um

höftin í þessu öllu saman, þessi gömlu stöðluðu hlutverk þau fara að leysast upp og fólk fer að átta sig á því að þetta er ekki allt saman af guði gefið að þetta eigi að vera svona. Það var sko hreinlega þannig og virðist stundum vera ennþá að fólk haldi að það sé eðlilegt að vakna klukkan átta og mæta í vinnu klukkan níu og vera búinn klukkan fimm. Ég held að þetta sé eitthvað sem að sé bara náttúrulegt sem sagt. Að það sé eitthvað meira normalt heldur en eitthvað annað sem sagt. Og það getur nú bara verið misjafnt eftir fólki hvað fólki finnst skemmtilegt og gott. Og þá fer náttúrulega að losa um þetta allt saman og það segir nú líka einhvers staðar að homminn sé skilgetið afkvæmi kvenréttindakonunnar. Það er nú tilfellið. Bretarnir held ég hafi fundið upp á þessu og það er náttúrulega alveg rétt í þeim skilningi að strax og það er farið að veita einhverjum einhver réttindi þá er áttað sig á því að fólk hefur réttindi algerlega án þess að það, það hefur það bara á priorí, áður en er byrjað að gera neitt. Þarf ekkert að vinna sér fyrir þeim. Það hefur bara þennan rétt. Að þá fara hlutirnir að breytast örlítið. Þegar fólk veit af því og talar saman um það og þar með skapast einhver vitund um að þessi réttur sé til að þá er ekki hægt að valta yfir það. Það er það sem að gerir muninn á þessu. Og öll pólitísk samtök ganga út á þetta. Að það verður til einhver vitund sem að er ekki hægt að ganga framhjá. Og sem hefur miklu meira að segja heldur en einhverjar endalausar lagagreinar sem eru undirskrifaðar einhvers staðar.

Eftir að við Reynir Már kynntumst sumarið '74 þá förum við út að skemmta okkur og svona, þá niður á Hótel Borg held ég að það hafi bara hreinlega verið og þá kynnumst við pilti sem er svona svolítið stór og mikill og var með pínulítið skegg og, örlítið skegg, jú þá, og stór svört gleraugu og afskaplega ákveðinn í hlutunum og hann byrjar einhvern veginn að tala við okkur og þá kemur í ljós að hann býr bara þarna eiginlega rétt hjá mér. Ég var í Sólheimunum og hann uppi í Efstasundi og þá kemur líka í ljós að hann hafi verið í menntaskóla fyrir norðan sem sagt, en fjórum árum á eftir mér það er að segja. Ég var farinn úr skólanum þegar hann kom. Og hann var nýkominn úr ferðalagi um Evrópu, hafði farið alla leið til Júgóslavíu og til Krítar og var byrjaður í Háskólanum í frönsku og ensku og svo förum við að tala saman og þá kemur í ljós að þetta er svona ljómandi skemmtilegur maður og hefur afskaplega ákveðnar skoðanir á hlutunum og heilmikinn húmor og þetta varð þannig við urðum svona góðir vinir og við vorum oft svona þrír á ferli og við svona, seinna meir þá sögðum við gjarnan að við bættum hver annan afskaplega vel upp. Reynir Már safnaði öllu, það var sama hvað var, það sópaðist að honum alls konar dót hvort sem það var húsbúnaður eða bækur eða whatever, að einhvern veginn, hann safnaði, það færðist alltaf að honum alveg fullt af dóti. Ég var þá meira

svona í að sortera og stafla þessu upp og koma fyrir og viðhalda svo að segja. En Trixie fleygir. Trixie sko Guðmundur Sveinbjörnsson hét maðurinn og er úr Vestmannaeyjum en einhvern veginn held ég að það hafi verið þannig að hann ólst upp raunverulega hjá móðursystur sinni, sem sagt það var systir raunverulegu móður hans, eða sko raunveruleg móðir hans er systir konunnar sem ól hann upp. Og faðirinn var Ameríkani. Var sem sagt Ameríkani í föðurættina. Held að hann þekkti aldrei föður sinn, vissi ekki hver þetta var, eitthvað svolleiðis. En þar var greinilegt eitthvað svona gen sem var ekki alveg íslenskt. Og ég er hræddur um að það hafi verið eitthvað ítalskt eða eitthvað svolleiðis lagað, ég er dálítið hræddur um það. Eitthvað var sem að setti hann svona svolítið apart sko og hann hefur greinilega gert sér grein fyrir því afskaplega snemma að hann var gay. Og mér skilst til dæmis að í Vestmannaeyjum að þá hafi aðallega verið stelpur sem að vernduðu hann. Það segja sögur af því að á þjóðhátíð í Vestmanneyjum að hann hafi setið uppi í brekku og þær hafi setið í kringum hann lesbíurnar, hún Stella vinkona okkar og fleiri og passað hann sem sagt. Og þetta Trixiearnafn það kemur eiginlega til af því að við fórum í bíó, Háskólabíó, og þar var sýnd bíómynd sem heitir *Paper Moon* með Ryan O'Neil og Tatum O'Neil, hérna litlu dótturinni og þessu dóti. Og þau eru þarna á ferðinni og Madeline Kahn er þarna líka, svona leikur konu sem er svona létt á bárinni svolítið. Og þau keyra um í bíl og er alltaf að fara út af því hún er já. Og svo er hún að útskýra fyrir stelpunni hvernig þessir hlutir gangi fyrir sig og hvernig konur komist áfram í lífinu og allt það og er að segja að hún þurfi að hafa svona bonestructure, vera soldið svona hhhrrrr. Og við erum einhvern veginn að fara austur fyrir fjall á bíl sem að Trixie átti, Trixie átti svona stóran amerískan bíl, og erum að keyra þarna niður Kambana eða hvað þetta heitir og þá erum við eitthvað að grínast með þetta, þetta gekk náttúrulega svona, og hún situr þarna við stýrið og það er rétt svo að hún komist fyrir, bonestructure. Og þá kemur þetta dæmi og einmitt þessi manngerð dálítið svona myndarleg kona sem er létt á bárinni og er ekki algerlega með siðferðið kannski allt á hreint og þetta var einfaldlega of skemmtilegt til þess að sleppa því og þetta einhvern veginn festist við hana Trixie Delight. Og honum fannst þetta sjálfum svo skemmtilegt og þá festist þetta hreinlega við hann að í staðinn fyrir Gvennsó eins og hann var kallaður eða Mummi sem er svona afskaplega púkó að Trixie var bara mjög eðlilegur hlutur og honum fannst þetta bara mjög gott. Það urðu til fleiri útgáfur af þessu. Sumir kölluðu hann bara Trix eða Trixa í karlkyninu sem sagt. En þessi leikur allur að kynjunum, þetta er bara partur af húmor og þetta er náttúrulega partur af svona hluta til þess að líka að ná valdi yfir umhverfinu sem sagt og til að átta sig á því að hlutirnir eru ekki svona hryllilega fyrirfram af guði gefnir eins og þetta er. Að einmitt með að segja hún um karlmann og hann um konu, þá allt í einu

áttarðu þig á því að þetta er ekkert svona hryllilega fast í formunum eins og það lítur út fyrir að vera. Ég þurfti að útskýra þetta fyrir svona leikurum. Ég var að þýða Engla í Ameríku og það var svona fyrsti samlestur og leikararnir voru að spyrja um svona, í þessu leikriti: Kannastu við þetta? Þetta er um AIDS dæmið þarna og þá spyr hún ein fullorðin kona þarna: Afhverju taliði þeir hvor við annan í kvenkyni stundum? Og þá segi ég bara: Þetta er nú eiginlega svona bara gefur aðra sýn á persónuna. Ef þú segir til dæmis um Davíð Oddsson, hún þarna hrokkinhærða. Að án þess að ég hafi sagt neitt um manninn, þá allt í einu verður þetta öðruvísi. Þær eru á fundi, þú veist. Það ætti ekki að vera neinn munur á því, konur og karlar, við höldum því fram blákalt að við gerum engan mun á kynjunum en allt í einu ef þú talar um hóp af karlmönnum í kvenkyni, það er ekki einu sinni sagt að þeir séu konur, þetta eru manneskjur, sálir. Kallaðu það sem þú vilt en bara það að breyta um kyn á persónufornafninu, allt í einu sérðu hlutina í allt öðru ljósi og þetta er bara mjög gagnlegt. Þetta er bara gott.

Sko Trixie var náttúrulega svona festlig karakter einhvern veginn. Sérstaklega, bæði það, það hefur nú oft verið sagt um Vestmanneyinga að þeir séu nú svona sérstakur þjóðflokkur og Trixie hafði þennan Vestmannaeyjakarakter dálítið mikið þetta og að hafa þá tilfinningu um að hún sé öðruvísi, sem sagt hún er ekki frá þessu landi, hún er frá Eyjum. Það er svona svolítið öðruvísi og miða alla hluti við Eyjar og þetta einhvern veginn dálítið dæmi og fastheldin á sitt og með sjálfstæðar skoðanir. Hann náttúrulega er maður sem er alinn raunverulega upp við hippabyltinguna og nýrri tímenn. Það munar þessum fimm árum á eftir mér. Fólki sem að kynnist allt öðrum viðhorfum heldur en fólk sem er fimm árum eldra en ég. Mín kynslóð, fólk sem er jafngamalt mér, er það fyrsta kynslóð sem nær svona í skottið á Bítlunum. Það nær að meta Bítlátónlistina og finnast það vera sín tónlist. Fólk sem er tveimur til þremur árum eldra en ég, fyrir það eru Bítlarnir og Rolling Stones og þetta unglingatónlist. Það er ekki þeirra tónlist og það er munurinn á fólki sem er þá fimm eða sex eða sjö, átta árum yngra en ég, að því finnst þetta vera, það hefur aldrei efast um það þetta er þeirra stíll, þetta er þeirra tími, þetta er þeirra tíski. Og Trixie var mjög ákveðinn á sína hluti einhvern veginn og lét ekki segja sér neitt. Við sögðum stundum að það er dálítið löng í henni leiðslan en þegar hún skilur þá skilur hún. Sem sagt lætur ekki segja sér eitthvað og segir bara já án þess að hafa skilið það, heldur áfram að spyrja og miðar allt við sig og sitt. Þetta var vel gefinn strákur og ágætlega menntaður og allt hvað eina það vantaði ekki sko. En hann hætti nú í Háskólanum og fer, þegar við förum til Köben þá fer hann til Ameríku og hann hafði alveg sérstakt dálæti á svarta kynstofninum, það verður að segjast eins og er og afskaplega mikið fyrir svertingjana. Það var alveg segin

saga og ég er steinhissa á því að hann skuli aldrei hafa verið laminn drengurinn því það var eiginlega alltaf það fyrsta sem hann spurði um þegar hann kynntist einhverjum strák þarna: Og langafi þinn. Var hann þræll? [Hlær]. Hann þurfti alltaf að fá að vita þetta, hann hafði alltaf mikinn áhuga á þessu, hafði þennan raunveruleikasans, hvaðan kemur þetta fólk skilurðu? Bandaríkin, hvernig komust forfeður þeirra til Ameríku og svo framvegis. Og miðar allt einhvern veginn við Vestmannaeyjar. Ég man, hann var annaðhvort í Jamaica eða hann var eitthvað að spyrja um þetta hvernig þetta væri þarna í Karabískahafinu, þá mældi hann þetta alltaf við hvað Herjólfur væri lengi að sigla. [Hlær] Skemmtilegt. En þetta er þá það sem heldur hlutunum í raunveruleikanum, þú getur gert hluti og veist alltaf hvað þú átt að gera svona nokkurn veginn, þú ert búinn að athuga þetta. Og þetta kom sér, þetta var mjög hentugt þríeyki raunverulega. Trixie, Reynir Már og ég. Trixie hafði gjarnan forgöngu um hlutina og segir: Þetta gengur ekki, nú verðum við að gera þetta. Þetta er alveg ómögulegt. Og þá sannfærði hann mig um hlutinn og ég sagði já já og setti þetta svona niður á blað og gat svona kjaftað og skrifað og sett þetta einhvern veginn upp, við gerum þetta og svo þegar kom að því að gera hlutina þá kom Reynir Már og sagði: Já komiði strákar og kzkzzkkzzkz. Og allt í einu var hann búinn að töfra upp heilt partí eða heilt show eða guð má vita hvað. Þannig var þetta til dæmis raunverulega með MSC Ísland. Trixie var mikill forgöngumaður um það að koma því dóti á laggirnar, það væri bara til skammar að þetta skuli ekki vera til. Og svo gerðum við þetta, fórum bara að hlusta á, hvað eigiði við? Hvað er þetta? Og það er eiginlega sem ég áttaði mig eiginlega á þegar ég fór að hugsa um þessa hluti að það hefur alltaf verið sagt að Iceland Hospitality hafi verið svona fyrirrennari Samtakanna, þetta hafi verið fyrsta dæmið og svo hafi Samtökin '78 vaxið upp úr því. Og ég hélt þetta sjálfur en þetta er bara alls ekkert rétt. Það er bara alrangt því að Samtökin byggja, eins og ég hef verið að reyna að segja, á allt annarri hugmyndafræði. Þau byggja á gömlu upplýsingardæminu þar sem hlutunum er stjórnað ofanfrá og fólkinu er sagt hvað það á að gera og hvernig hlutirnir eiga að vera. En Iceland Hospitality byggðist meira á því að skapa einhvern vettvang og taka ekki meira en það sem þú sérð. Að búa ekki til einhverjar óþekktar stærðir sem eru skilgreindar á einhvern þróentvís af fólki einhvers staðar úti í bæ og þetta er svona og svona og svona. Og þetta eigi að vera þannig og þannig og þannig en þú hefur aldrei séð það, þú hefur bara lesið um þetta í bókum. Iceland Hospitality var miklu frekar fyrirrennari MSC Íslands, leðurklúbbsins, því hann byggist á nákvæmlega samskonar hugsun, svona flötum strúktúr eiginlega, það er ekkert gert nema menn séu sammála, og það er heldur gert minna og það eru þá allir sammála um að gera það heldur en að fara út í eitthvað sem að meirihlutinn eða hluti af félagsmönnum þarf að kúga hina til



fylgis við sig. Það hefur ekki tíðkast og tíðkast ekki enn þann dag í dag í MSC. Ef einhver er á móti hlutunum þá er það rætt við þann mann þangað til að það er annað hvort búið að sannfæra hann eða það er hætt við hlutinn. Bókstaflega. Raunverulega gerist það aldrei, hinn er bara einfaldlega sannfærður. En það getur tekið tíma að tala þangað til allir eru orðnir sammála en raunverulega er það þannig og þessi klúbbur fæst líka við þannig hluti að það er eiginlega ómögulegt að vera með fýlu. Það er eiginlega bara hægt að gera það sem er skemmtilegt.

Það sem að var með þetta alnæmisdót, að þetta kom náttúrulega yfir mann eins og þruma úr heiðskíru lofti, eða þannig. Fyrst vissi enginn neitt. Þegar það var að byrja og þegar við lentum fyrst í því að fólk var að byrja að smitast úti í Kaupmannahöfn þá vissi enginn neitt um þetta, það hafði enginn heyrt nokkurn skapaðan hlut. Svo fór maður að fréttu aðeins af þessu, maður reyndi nú að fylgjast með þessu og það vissi enginn neitt, hvað þetta var, hvernig á þessu stóð. Eins og fólk veit þá byrjaði þetta með því að gay menn í Bandaríkjunum, sérstaklega New York, San Francisco, stórborgunum, fóru bara að hrynja niður úr einhverjum ókennilegum sjúkdómi og enginn vissi hvers vegna og svo framvegis. Og það var búið að finna út að það væri eitthvað í lífsháttum þessa fólks sem stæði fyrir þessu, hvort það væru ljósaböðin eða hvort það væri poppersið eða hvað það væri sem gerði þetta að verkum eða hvort þetta væri bara svipa guðs yfir þessu óhugnanlega fólki. Málið var það að það vissi enginn neitt. Svo komum við hingað heim og þá var fólk farið að átta sig á þessu örlítið, hvað er að ske og smám saman, þetta tekur allt sinn tíma, þetta er kannski ekki rétt að þetta hafi verið eins og þruma úr heiðskíru lofti, það er ekki rétt. Þetta læddist miklu meira að manni eins og svona óhugnaður, maður reyndi að hrista þetta af sér en þetta var bara greinilegt að þetta var. Svo var verið að hugga fólk með svona hlutum eins og að af þeim sem smituðust þá væru kannski ekki nema svona tíu prósent sem að raunverulega veiktust. Þó að fólk mældist jákvætt, það voru ekki einu sinni komnar neinar mælingar á þetta enn raunverulega, en þá væri það þannig. En svo þegar tíminn leið og hlutirnir fóru að koma í ljós að þá reyndist þetta náttúrulega vera þannig að þeir sem höfðu smitast af þessu að þeir gátu gengið að því vísu að vera dauðir innan fimm ára, það var eiginlega more or less. Og þetta skapaði náttúrulega afskaplega sérkennilegt svona sjónarhorn til lífsins og tilverunnar. Að allt sem aðrir voru að pæla í, fólk hugsar alltaf þannig að það muni lifa allt að því endalaust, það er einhvern veginn þannig og það er innbyggt í okkur. En þegar þú veist að það er að fara að koma að því að þetta geti ekki staðið mjög lengi því þá verður allt önnur tilfinning gagnvart því sem er að ske, þá verða svona hlutir eins og lífeyrissjóður og eitthvað svona, maður bara hlær að þessu. Og þetta smitar yfir alla hvort sem

að fólk hafði fengið þessa veiru eða ekki að það voru allir í þessum sama hugsunarhætti og ýtti ennþá út á þessa tilfinningu að vera á jaðrinum, að maður væri ekkert með í þessu þjóðfélagi og því fylgdi ekki, það var ekki það að manni þætti það eitthvað skelfilegt að vera ekki með í þessu þjóðfélagi. Maður raunverulega þakkaði fyrir það, því það var þó skárna að vera fyrir utan þetta en að vera inni í þessum óskapnaði, alveg hræðilegt. Þangað til að fólk fór sko að verða veikt. Þá fannst manni þetta ekki skemmtilegt sko því að það var eins og það vildi enginn neitt um þetta tala og ástæðan var raunverulega sú að lækarnir þeir áttu afskaplega bággt með það að viðurkenna það að það væri kominn upp sjúkdómur sem þeir vissu ekki hvaðan kæmi, vissu ekki hvernig hann virkaði, þeir vissu að hann smitaðist en ekki almennilega hvernig og varla og þó en hann væri bráðsmitandi og sérstaklega áttu þeir bággt með það að viðurkenna það að þeir gætu ekkert við þessu gert. Ekki bara eitthvað pínulítið heldur bara nákvæmlega ekki neitt. Það þýddi ekkert fyrir þig að fara til læknis. Læknirinn gat ekkert hjálpað þér. Og þeir voru ekki tilbúnir að viðurkenna þetta frammi fyrir fólki vegna þess að þeim þótti sem að það rýrði traustið á þeirra autoritet. Það er partur af þessari læknislist er það að fólkið treysti læknum. Ef fólk treystir ekki læknum þá minnka bara hreinlega líkurnar á því að lækningin takist. Og þeir gátu bara ekki sætt sig við þetta og sérstaklega það að þegar það komu, sem sagt við fylgdumst náttúrulega eins vel með þessu og við mögulega gátum og lásam okkur til um alla mögulega hluti og reyndum að átta okkur á þessu eins og við mögulega gátum, sem þýddi það að við vissum nákvæmlega jafnmikið og þessir farsóttarlæknar um þetta. Þeir voru mjög sáttir við það og ánægðir með það skilurðu, smitsjúkdómalæknarnir sjálfir. Það voru tveir eða þrír sem voru þarna specialistarnir í þessu og það var aldrei neitt yfir þeim að kvarta. En þeirra yfirmenn og skrifstofuliðið, aðstoðarlandlæknir og landlæknir, þetta var ekki, þeir voru ekki vanir því að það kæmi fólk utan úr bæ og þættist vita eitthvað um þetta. Það var bara ekki hægt. Og þegar þetta byrjaði, það var ekki nóg með að þeir vissu ekkert um þennan sjúkdóm, hvaðan hann væri og gætu ekkert gert við hann og eitthvað svoleiðislagað, þeir þurftu líka að játa það að þetta legðist á ákveðinn hóp og að þeir vissu ekkert um þann hóp. Það þurftu þeir líka að játa og það var þá heldur ekkert nógu sniðugt því allir gátu kannski fyrirgefið það, eða þannig, það var hægt að virða þeim það til vorkunnar að þeir gætu ekkert vitað um einhvern sjúkdóm sem kæmi allt í einu upp frá hitabeltinu einhvers staðar frá en það væri voða skrítið að menntað fólk og þetta ætti nú að vera, félagslegi þátturinn í öllum sjúkdómum var orðinn alveg viðurkenndur að fólk eigi nú að vita örlítið um hlutina til þess að geta áttað sig á þessu, að það skipti svolitlu máli hvort þú værir að tala við sjómenn eða leikara en það var þá sérkennilegt hvers vegna vita þeir ekkert um þennan hóp. Þeir vissu ekkert um hann. Ekki neitt! Jafn fjarlæg

og frá Mars. Og fyrstu samskiptin við heilbrigðisbatteríð voru bara mjög erfíð, það verður bara að segjast nákvæmlega eins og er. Þeir vildu upplýsa fólk um þennan sjúkdóm án þess að minnast á homma. Það átti að upplýsa fólk um þetta eins og þetta legðist bara á gagnkynhneigt fólk og samkynhneigðir áttu að taka til sín sneiðina svo að segja. Og þetta átti ekki að vera á neinu, það átti að forðast að minnast nokkuð á homma í sambandi við þetta og þegar við fórum að segja að þetta er nú ekki alveg eftir því sem okkur finnst vera og alls ekki eftir því sem gert hefur verið í nágrannalöndunum, til dæmis bara í Noregi sem þykir nú frekar já siðprútt og kristlegt land á alla kanta, að þar voru sko flennistórar auglýsingar sem höfðuðu beint til homma á máli sem þeir skildu með hlutum sem vöktu þeirra athygli og svo framvegis. Sem sagt algerlega skilaboð til þeirra um hvað þyrfti að gera til þess að koma í veg fyrir þetta. Og það var tiltölulega einfalt mál. Það var ekki þannig að það þyrfti að setja einhverja ægilega flókna hluti. Safe sex reglurnar eru mjög einfaldar. En það þurfti að koma þeim til skila þannig að þeir sem þurftu á þeim að halda að þeir tækju þær til sín. Eins og hver önnur auglýsingadæmi. Ef þú ætlar að selja börnum eitthvað þá auglýsirðu ekki fyrir gamalt fólk, það segir sig sjálf. Þetta er ástæðan, þetta vildu þeir ekki gera og aðstoðarlandlæknir þáverandi Guðjón Magnússon, held að það sé eini maðurinn sem mér var raunverulega illa við. Enn þann dag í dag get ég ekki litið hann réttu auga, ég verð að segja eins og er. Formaður Rauðakrossins, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu og guð má vita hvað, Lýðheilsustofnun og einn af þú veist, hann horfði á okkur og sagði: Við viljum ekki fórna 95 prósent fyrir fimm prósent. Sem sagt að ef að auglýsingar, fræðsluefni og áróður væri gert þannig úr garði að það höfðuði til samkynhneigðra karlmannna, að þá mundi það leiða til þess að gagnkynhneigðir, karlmenn og konur, tækju það ekki til sín. Já sko andartak. Það er í fyrsta lagi hægt að gera þetta hvort tveggja og í fyrsta lagi hverjir eru núna að smitast? Hverjir eru núna að veikjast? Hvar er þetta? Það eru samkynhneigðir karlmenn. Þá sagði hann: Já það er nú bara þannig að það er bara til þess að vekja ennþá fleiri fordóma upp. Kirkjan er nú ekki hrifin af þessu og konur, það er nú kona sem er heilbrigðisráðherra, Ragnhildur Helgadóttir og þær eru nú ekki hrifnar þær eru á móti þessu, það er nú ekki sniðugt, við fáum bara yfir okkur ennþá fleiri viðbrögð. Þekkir maður nú þessa sögu. Það er verið að skýla sér, eigin fordóma, bak við fordóma annara. Segja þeir vilja þetta ekki, þess vegna get ég það ekki. Það er ekki það að ég vilji þetta ekki en það eru aðrir hér sem eru á móti þessu. Og þetta er náttúrulega bara eins og hver önnur bölvuð lygi. Við Böðvar við létum okkur hafa það að fara og tala við séra Pétur. Herra Pétur Sigurgeirsson biskup. Við pöntuðum við hann viðtal og fórum til hans og hann tók á móti okkur og blessaði okkur í bak og fyrir. Hvað segiði drengir mínir dadadada, svona afskaplega alúðlegur eldri

maður og við förum að segja honum þetta og hann fer að spyrja hvernig þetta sé allt saman og hann var svona í því: Já það er nú svona. Já ég skil þetta og ég veit þetta og ég kannast nú við þetta það eru til menn sem að hafa þessar tilfinningar. Það er náttúrulega betra ef þeir geta átt konu og eignast börn, þá er það nú betra en ef þeir geta það ekki þá verður nú bara að hafa það. Þá verða þeir bara að lifa sínu lífi. Og þá sögðum við: Já þetta er nú svona, landlæknir, heilbrigðisyfirvöld, aðstoðarlandlæknir, hann segir að þeir geti ekki auglýst fyrir þetta fólk af því kirkjan sé á móti þessu. Þá horfir hann á okkur og kom algerlega af fjöllum og segir: Um hvað er hann að tala maðurinn? Þetta er bara bull. Þetta er bara þvaður. Þá var það þetta nákvæmlega að þeir vildu ekki tala um, þeir treystu okkur ekki til að segja satt og rétt frá greinilega því við vorum ekki með háskólapróf í þeirra fræðum einhvern veginn svoleiðis lagað eins og við hefðum einhvern áhuga á að fara að ljúga einhverju.

Þetta var svolítið sérkennilegt að eiga við þetta fólk. Okkur var alltaf afskaplega vel tekið. Þetta lenti svolítið á mér vegna þess að Reynir Már var náttúrulega veikur, og bróðir minn var veikur og konan mín fyrrverandi var félagsráðgjafi í þessum málum. Þetta var afskaplega nálægt mér á alla kanta. Svo gat maður ekkert gert og var náttúrulega alveg hryllilega hræddur við þetta og eina hugsunin var náttúrulega sú að það væri hægt að reyna að gera það sem hægt væri að gera, að upplýsa fólk um hvað væri á seyði. Það vildi þannig til að Böðvar Bjarnason, hann var að vinna hér á landspítalanum, að þrifa og svona dót eitthvað og hann var gjarnan að vinna á kvöldin og býr vestur í bæ og þegar hann var búinn að vinna þá kom hann gjarnan við hér. Og svo sátum við hér og töluðum saman þangað til hann fór heim. Og þá einhvern veginn æstum við hver annan upp í þessu brjálæði öllu saman og reyndum að sjá hvað hægt væri að gera í þessu dóti og við förum ásamt fólki frá Samtökunum og höfðum samband við landlækni og Ólafur gamli Ólafsson eins og allir aðrir, tók okkur afskaplega vel. Það vantaði ekki, það var sama við hvern maður talaði því var alltaf tekið ægilega vel þangað til að farið var að ræða um þessi mál og hvernig ætti að koma þessum forvarnaráróðri til skila, það var það eina sem hægt var að gera, það var engin lækning skilurðu. Að þá allt í einu kom maður að þessum gúmmívegg. Það var ekki hægt, það var einhverju að kenna og það var borið við þessu og borið við hinu. Það var ekki hægt að búa til áróðursefni sem væri stílað beint til homma. Það var bara ekki hægt. Gekk ekki. Og þetta endaði með því að við Böðvar bjuggum til svona greinargerð. Ég man alltaf við tókum eitthvað svona línurit sem við klipptum út úr Times. Þetta var náttúrulega út um allan heim og við erum alveg læsir á ensku og þýsku og dönsku og höfum alveg, þó það væri ekki komið internet, þá var maður ekkert fastur hér í einhverri fáfræði. En

við bjuggum til svona greinargerð og þetta var við Böðvar og Þorvaldur. Hann var með í þessu. Og við ræddum þetta saman, þetta var ekkert one man show, þetta var eitthvað sem allir voru raunverulega sammála um. Þetta er til einhvers staðar ennþá. Þetta var sett í gula möppu, ég man þetta ennþá, gekk undir nafninu Gula mappan þar sem var fremst þetta línurit úr Times sem sýndi hvernig þróunin var í þessu dóti, hvernig það steig upp rosalega bara tala þeirra sem féllu úr þessu og svo kom textinn og hann var alveg: Við krefjumst og við krefjumst og við krefjumst. og svo lögðum við þetta inn til landlæknisembættisins og svo átti að vera fundur. Og svo mætum við á fund þarna niður frá og það var þónokkuð af fólki þarna og við sitjum og Guðjón er þarna og Kristján Erlingsson, smitsjúkdómalæknir. Og svo kemur Ólafur landlæknir inn, stendur fyrir framan okkur og byrjar að þusa og segir: Ég ætlaði nú ekkert að vera á þessum fundi. En ég ætla nú samt að koma hérna inn og segja: Ég hef aldrei séð annað eins. Við höfum læknað. Og svo kom holdsveikin og berklarnir og allt þetta og aldrei hefur komið inn á borð til okkar annað eins ósvífið plagg. Ef þið haldið svona áfram þá endið þið sem skæruliðar uppi í Esju! Þá höfðu þeir aldrei nokkurn tímann fengið þetta orðalag frá einum eða neinum að fólk krefðist þessa og þessa, það væri ekki hægt. Kannski var þetta dónalegt hjá okkur, það getur vel verið en þetta samsvaraði svona því skapi sem við vorum í. Og við vorum alveg lafhræddir við þetta. Og það var á þessum nákvæmlega tíma sem við pöntuðum tíma hjá Kristjáni Erlendssyni lækni við Böðvar og við fórum til hans og hann býður okkur inn og segir: Jæja strákar mínir, hvað var það? Og við bara gátum ekki komið okkur orðum að því sem við ætluðum að segja, hvað er. Og ég horfi á Böðvar og Böðvar horfir á mig og ég segi: Ja, okkur langaði nú eiginlega bara að spyrja þig um það hvort að þú haldir að við séum geðveikir. Sjáum við þetta eitthvað undarlega? Er þetta ekki svona eins og við sjáum þetta, að þarna er hópur af fólki, mjög ákveðinn hópur, þar sem að þetta smit breiðist út og það eina sem hægt er að gera er að fá þetta fólk til að hegða sér á ákveðinn hátt en það má ekki ávarpa þetta fólk beint. Það má ekki nota þau tæki sem við höfum til þess að reyna að hafa áhrif á þetta fólk beint. Jú, jú, sagði hann: Þetta er alveg hárrétt hjá ykkur. Og það var aldrei vandamál með þá, það var yfirstjórnin því þeir sáu í þessu einhverja pólitík sem ég skildi aldrei og hef ekki skilið enn þann dag í dag. En það sem hafðist upp úr þessu var það að Böðvar var gerður að ráðgjafa hjá Samtökunum og var settur á laun. Þá vorum við búin að fá húsið niðri á Lindargötu og hann hafði þar sem sagt símatíma, ráðgjöf og átti sem sagt að vinna að þessu í samvinnu við landsnefnd um alnæmisvarnir held ég að það hafi heitið eitthvað svoleiðis lagað. Það vantaði ekki, það átti að gera þetta afskaplega huggulega. Og þetta leit mjög vel út en svo þegar það áttu að fara að vera einhverjir fundir og svoleiðis lagað þá sagði Böðvar: Ég fíla mig eins og

Andrés Önd. Það er ekki hlustað á mig fyrir tókall. Það kom út þessi fyrsti alnæmisvarnarbæklingurinn frá landlæknisebættinu og það voru einhver skrímsli út um allt og það voru Jón og Gunna eru þarna og Jón og Gunna gera hitt og þetta var ekki í neinu samræmi við neinn veruleika. Við fengum þetta í hendurnar, próförk af þessu, og gerðum einar held ég 30 leiðréttingar, eða athugasemdir, vildum hafa þetta öðruvísi. Engin þeirra tekin til greina, engin. Ég meina, kannski hefur þetta ekki allt verið eins og það átti að vera en það er svolítið sérkennilegt að ef það er eitthvað svona ráðgjafarhópur eða umsagnaraðilar eins og það heitir sennilega núorðið að hann slampist ekki á eina eða tvær athugasemdir sem hefði mátt gera. En það var bara nákvæmlega ekkert tillit tekið til þess sem við höfðum að segja. Ekki neitt. Og fílingurinn, ég var að skrifa einhvern tímann fyrir rauða borðann, Alnæmisfélagið, einhverja grein fyrir tveimur árum eitthvað um það hvernig hlutirnir voru og ég sagði: Já ég skal gera þetta bara mjög persónulegt, hvernig okkur leið, hvernig þetta var, ekki hvernig þetta raunverulega var, heldur hvernig þetta snéri við okkur svona subjectíft. Og þegar ég byrjaði að þæla í þessu var fyrsta svona líkingin sem ég fann en notaði ekki því að mér fannst hún of dramatísk en hún segir svolítið söguna. Þetta var svona svolítið eins og að búa í húsi og þú allt í einu sérð að svona meðfram veggjunum eru að koma eldtungur. Það er greinilegt að það er kviknað í húsinu en það er bara svon tsstss. Svona lítið og þú getur svona, með að þústa þetta niður þá hverfur þetta. Þú situr þarna inni og þú veist að það er kviknað í húsinu og þú sérð öðru hverju einhverja loga en þetta er orðið þú getur svona losnað við þetta. Svo er þetta orðið svo slæmt að þú hringir í slökkviliðið og þá segir bara slökkviliðið: Hvar er þetta? Og maður segir hvar þetta er. Og þá segir slökkviliðið. Því miður, þetta hús er bara ekkert á skrá, þetta er bara ekki til. Við viljum allt fyrir ykkur gera en við vitum ekkert hvar þetta er, við getum ekkert gert því þið eruð ekki til. Og þar er nefnilega vandinn. Þeir gátu ekki dýlað við það sem ekki var til. Opinberlega var þetta bara eins og í Sóvíetríkjunum. Það var ekki til neitt sem hét samkynhneigðir karlmenn á Íslandi. Þeir voru ekki til í neinum plöggum, það var ekkert hægt að vísa í eitt eða neitt, þeir voru einfaldlega ekki til. Þar hefndi þetta sýn á samfélaginu að hafa komið svona fram. Þetta er svona dálítið skrítið.

Ég hef líka stundum hugsað það þannig að það er ekkert hægt einhvern veginn að ætla sér einhvern veginn að sætta sig við þetta eða átta sig á þessu, vinna úr þessu, lifa með þessu og allt þetta, það er allt voða fallett og huggulegt sko. En þegar svona margir af vinum manns falla frá á stuttum tíma og maður var bara orðinn vanur þessu einhvern veginn á þessum tíma að það væri eiginlega jarðarför á hverjum föstudegi. Þetta er svona skelfilegur tími, þetta var

aðallega svona '91, '92 þegar þetta fór svona raunverulega að taka sinn toll. Fólk var búið að vera veikt þetta var einfaldlega slíkur hörmungartími að þetta var, mér líður stundum eins og maður hafi lent í stórslysi, eins og Estoniu. Ég ímynda mér það að ef maður lifir það að verða 75, átræður eitthvað svoleiðis lagað að þá sé nú farið að tínast úr vinahópnum. En þegar maður er ekki nema um þrítugt, rúmlega það, innan við fertugt og maður er kannski á einhverjum stað þar sem maður hafði verið fimm árum áður og áttar sig á því að það er enginn af þeim sem var með manni hér, þeir eru allir dánir, þeir eru allir farnir. Þetta gat ekkert verið eðlilegt, og þetta kom það nálægt mér að ég ímynda mér það ekkert að maður geti sætt sig við þetta. Einhvern veginn heldur maður samt sem áður áfram og þá verður maður held ég að bregðast við þessu á einhvern svona órökrænan hátt. Og þá hef ég stundum hugsað þó það sé ekkert vit í því, bara svona hugsun sem sagt. Einhvern veginn má líta á þetta að þetta sé svona menn sem hafa fallið í baráttu. Þetta hefur, það er ekkert vit í þessu en það er samt sem áður þannig að þetta varð til þess að þjóðfélagið varð að gera sér grein fyrir því að það væri til samkynhneigt fólk og það væri fólk sem hefði sínar þarfir eins og aðrir og það yrði að reikna með þeim. Ef maður hugsar sér þetta svo að þetta fólk hafi fallið í baráttunni fyrir þessu, að þá á einhverjum litlaheila-level þá meikar það sens eða það er ekki hægt að orða þetta þannig. Ég hafði þetta frá honum hérna George Martin, upptökustjóra Bítlanna, hét hann það ekki? Og það var verið að spurja hann um þetta og þetta var í bíómynd sem hét *20 years later, It was 20 years ago today*. Að þá var verið að tala um allt þetta fólkið sem hafði dáið í úr eiturlyfjum og dót í kringum þetta, Janis Joplin og þetta fólk allt saman. Þá sagði hann að það er engin revolution án þess að það sé mannfall. Og þetta er svona samskonar hugsun. Hún á sér enga stoð í veruleikanum raunverulega en hefur hjálpað mér svolítið bara að hugsa um þetta. Og ég tek eftir því að þessi tími hann gleymist voða mikið og lengi vel gat ég aldrei sagt hvenær dó Reynir Már, þegar ég var spurður hvaða ár, bara því miður, ég man það ekki. Það er algerlega lokað fyrir þennan tíma algerlega í minningunni, bara algerlega. Það er ekki fyrr en núna sem ég get farið að átta mig á því og tengja þetta inn í allt saman. Og svo tek ég eftir því að ég náttúrulega sakna þessa fólks og ég sakna Reynis Más og Trixiar og þá sakna ég þeirra á svona afskaplega praktískan hátt. Ekki svona einhvern veginn sentimental æ æ æ æ, heldur bara það koma svona fyrirbæri, aðstæður, þar sem ég hugsa: Nei! Nú hefði Trixie þurft að vera hérna. Nú vantar okkur Reyni Má. Nú vantar þetta. Og þannig einhvern veginn smám saman þegar tíminn líður að þá, maður sættir sig ekki við þetta, en þetta er.

Ég get það eiginlega ekki. Ég var einmitt að hugsa um það um daginn að það kom upp þessi hugsun að búa til svona fána og sem er mjög falleg hugsun og allt það. En þá er það svo oft eins og stundum er þegar fólk ætlar að gera eitthvað að þá færast fólk of mikið í fang. Og þá þótt það væru til fánar fyrir hvern og einn með einhverjum persónulegum dæmum, þetta er svona bútaðæmi, þú kannast við þetta að þá væri nú kannski munurinn á því og hreinlega að halda saman sko nöfnum á fólki og örlítið um það eitthvað persónulegt. En það sem var beinlínis nálægt manni eins og það voru strákar sem bjuggu hjá okkur úti í Kaupmanahöfn, eins og Bubbi. Finnbogi. Ég er meira að segja búinn að gleyma hvað hann heitir raunverulega. Stein, að norðan frá Stað í Steingrímsfirði, afskaplega huggulegur og almennilegur strákur og allt þetta sko. Hann er bara farinn, ekki veitti manni af að hafa þetta. Tóti sem við kölluðum, Þórarinn, Krulli, maðurinn hans Vidða, hann bjó hjá okkur úti í Köben líka sko. Farinn. Og það man enginn eftir þessu. Sérstaklega þetta, ég labbaði upp að húsinu sem við bjuggum í í Kaupmannahöfn og áttaði mig á því að það er eiginlega enginn eftir af þessu fólki sem að var þarna. Þá á maður svona einhverjar minningar sem að enginn deilir með manni. Svo var ég að hugsa að þetta er nú ekki alveg satt. Það er eftir eitthvað af fólki en það er mjög fátt. Og það er svolítið skrítið sko.